



Vel viðraði til útivistar um landið allt um helgina og áfram gæti orðið þokkalegasta veður í dag. Bjart en kalt og hægur vindur í höfuðborginni og á Austurlandi. Munu sumir þurfa að skafa bílinn. Búast má við skúrum við vesturströndina og vindi fyrir norðan. Nokkrir kylfingar nýttu sér bliðviðrið og léku golf á Seltjarnarnesinu í vetrarsólinni. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Tekinn með kókaín á Spáni

Íslenskur karlmaður var handtekinn á flugvelli í Barcelona á Spáni með mikið magn af kókaíni. Maðurinn var á leiðinni til Íslands. Lagt hefur verið hald á mikið kókaín á þessu ári og er verðið lágt.

LÖGREGLUMÁL Íslenskur karlmaður er í haldi lögreglunnar á Spáni vegna gruns um fíkniefnamisferli. Hann var handtekinn á flugvelli í Barcelona í síðustu viku er hann hugðist ferðast þaðan til Íslands. Mikið magn kókaíns fannst í farangri mannsins.

Heimildir Fréttablaðsins herma að um rúmlega 5 kíló hafi verið að ræða. Alþjóðadeild Ríkislögreglustjóra hefur ekki svarað fyrirspurn blaðsins um hvort lögregluþyrirvöld

» Heimildir Fréttablaðsins herma að maðurinn hafi verið með rúmlega fimm kíló af kókaíni í farangri.

á Spáni hafi óskað eftir samstarfi vegna málsins en miðlæg rannsóknardeild lögreglunnar á höfuð-

borgarsvæðinu hafði ekki fengið slíka beiðni síðdegis á föstudag.

Lagt hefur verið hald á mikið magn af kókaíni hér á landi á þessu ári. Í maí voru tveir Íslendingar teknir í Leifsstöð með 16 kíló falin í ferðatöskum. Tveir voru teknir með 5,5 kíló í Leifsstöð í september. Þá voru fimm kíló af kókaíni falin í bíl sem kom til landsins með Norrænu í ágúst.

Alls hefur verið lagt hald á meira en 30 kíló af kókaíni við komu til


landsins í ár. Kókaín er talsvert dýrara en önnur fíkniefni. Samkvæmt tölum SÁÁ hefur götuvatnið lækkað nokkuð frá árslokum 2017, farið úr rúmum 18 þúsund krónum fyrir grammið niður í 14 þúsund.

Sérstök umræða fór fram að Alþingi um fíkniefnafaraldur nýverið. Fram kom í máli Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra að í fyrra hafi meira en helmingur innlagna á Vog verið vegna fíknar í örvandi efni. – ab

Vilja láta meta kirkjusamning

STJÓRNMÁL Undirnefnd fjárlaganefndar leggur til að Ríkisendurskoðun verði falið að meta nýjan samning milli ríkis og kirkju og hvort hann samræmist lögum um opinber fjármál.

Einnig er lagt til að óskað verði eftir minnisblaði um afstemmingu ráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar á skuldastöðu ríkisins vegna eignatilfærslu kirkjujarða til ríkisins í tengslum við samkomulag frá árinu 1997. – að / sjá síðu 6



Golf GTE

Jafnvígur á rafmagni & bensíni



Veldu þinn uppáhalds á www.hekla.is/volkswagensalur

Tengiltvinnbíll




Verð frá
4.390.000 kr

HEKLA · Laugavegi 170-174 · 105 Reykjavík · Sími 590 5000



Veður



Hæg breytileg átt, en vestan 8-13 m/s á annesjum norðaustanlands. Rignir vestanlands annað kvöld. Hiti 0 til 4 stig að deginum, vægt frost í á N- og A-landi. Frost víða 3 til 8 stig í nótt. **SJÁ SÍÐU 16**

Æxli endir á þróun

VÍSINDI „Til þessa hafa vísindamenn mest rannsakað krabbameinið sjálft, en það er endapunktur í löngu þróunarferli sem á sér stað innan líkamans. Til að skilja uppruna krabbameinsins erum við að skoða heilbrigðan vef og hvernig stökkbreytingar safnast upp í honum áður en krabbameinið breytir öllu umhverfinu,“ segir Sigurgeir Ólafsson, doktorsnemi í erfðafræði við Cambridge-háskóla. „Allar frumur líkamans safna stökkbreytingum eftir því sem við eldumst og þær leiða að lokum til krabbameins.“

Til að skilja uppruna krabbameinsins erum við að skoða heilbrigðan vef og hvernig stökkbreytingar safnast upp í honum.

Sigurgeir Ólafsson



Sigurgeir er einn tuttugu- og þriggja höfunda greinar um ristilkrabbamein sem birtist nýverið í vísindatímaritinu Nature.

Niðurstöðurnar byggja á raðgreiningu hundraða sýna sem tekin voru úr ristli 42 einstaklinga. Vísindamennirnir sýndu að stofnfrumur í heilbrigðum ristli safna að meðaltali 44 stökkbreytingum á ári og að stærsti hluti þeirra er tilkominn vegna tíðra frumskiptinga í vefnum. Þá sýndu þeir að um 1 prósent frumnanna hafa að minnsta kosti eina þekkta krabbameinsstökkbreytingu og hafa þannig stigið fyrsta skrefið í átt að æxlismyndun. – **ab**

Götudanshátíð í Iðno



Stærsta street danshátíð ársins, Street Dans Einvígið, fór fram í Iðno um helgina. Ýmsir gestakennarar, þar á meðal frumkvöðull í hipp-hoppi dansi frá New York, voru á staðnum. Á föstudaginn kepptu 10 til 15 ára, í gær kepptu 16 ára og eldri. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Meintur leki til RÚV til lögreglu

STJÓRNSÝSLA Forsætisráðherra hefur vísað meintum leka úr Seðlabankanum til RÚV til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Greint var frá þessu fyrst í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gær.

Í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Samherja gegn Seðlabankanum var óskað eftir skýringum Seðlabankans á hvernig á því stóð að fréttamenn RÚV vissu af húsleit hjá Samherja árið 2012 áður en hún hófst.

Í svari Seðlabankans frá því í apríl sagði að buið væri að kanna tölvupósthólf seðlabankastjóra og aðstodarseðlabankastjóra en þar hefði ekkert fundist sem benti til leka.

Við frekari athugun hafi komið í ljós að Ingibjörg Guðbjartsdóttir, þáverandi framkvæmdastjóri gjaldryseftirlitsins, var í samskiptum við RÚV í rúman mánuð fyrir húsleitina. Engar trúnaðarupplýsingar sé þó að finna í póstumum. – **ab**

Tengsl fótboltans og bókmennntanna sterk

Nýlega var stofnaður íslenskur stuðningsmannaklúbbur Athletic Bilbao. Formaðurinn segir að menningin muni spila stóra rollu, líkt og hjá liðinu sjálfu. Hann hefur fulla trú á að liðið geti á ný aftur keppt við risa spænskrar knattspyrnu.

ÍÞRÓTTIR Íslenskur stuðningsmannaklúbbur baskneska knattspyrnuliðsins Athletic Bilbao var nýlega stofnaður. Formaðurinn er Einar Örn Sigurdórsson, eigandi RVK Brewing Co., og munu klúbbsfélagar koma þar saman til þess að fylgjast með leikjum liðsins í spænsku deildinni.

Athletic Bilbao er lið með mikla sögu og var eitt af sigursælustu liðunum á Spáni á fyrri hluta síðustu aldar. Liðið er mjög sérstakt að því leyti að einungis þeir sem eru af baskneskum uppruna mega spila fyrir það.

„Ég hef hrifist af menningu Baska og Bilbaoborgar. Þeir Baskar sem ég hef hitt eru ákaflega vinalegt og gott fólk,“ segir Einar. Einar kynntist liðinu fyrir ekki svo löngu síðan í gegnum vini og hyggst fara á sinn fyrsta leik bráðlega. Helstu andstæðingarnir í Baskalandi eru Real Sociedad en Einar segist ekki leggja fæð á þá.

Það sem er einna athyglisverðast við Athletic Bilbao eru tengsl liðsins við menninguna. „Þeir leggja áherslu á að leikmennirnir lesi bókmenntir. Í liðinu er leshringur þar sem lesnar eru baskneskar bækur, bæði til yndisauka og til þess að gera leikinn falletgri,“ segir Einar. Þetta verður endurspeglad hér á Íslandi því á fundum stuðningsmannaliðsins verður lesið upp úr baskneskum fagurbókmenntum.

Liðið hefur hvorki unnið deildina né bikarinn í 35 ár, en árið 1984 vann það tvennuna svokölluðu. Síðan þá hafa þeir oftast verið í miðjumodi en aldrei fallið. Einar hefur fulla trú á að liðið geti aftur keppt við risana, Barcelona og Real Madrid.

Aðspurður um uppáhalds leik-



Einar Örn og Hiroumi á stofnfundinum. MYND/ADSEND

Í liðinu er leshringur þar sem lesnar eru baskneskar bækur, bæði til yndisauka og til þess að gera leikinn falletgri.

Einar Örn Sigurdórsson, formaður stuðningsmannaklúbbs Athletic Bilbao á Íslandi

manninn segir Einar það vera Artiz Aduriz, hinn 38 ára gamla framherja sem radað hefur inn mörkum fyrir liðið á undanförunum árum. „Þrátt fyrir að hann sé eldgamall þá stendur hann enn fyrir sinu og

skoraði meðal annars frábært mark úr hjólhestaspyrnu gegn Barcelona núna í haust.“ Það mark koma á lokamínútunum og tryggði liðinu sigur gegn Spánarmeisturunum.

Um 20 manns hafa boðað sig í stuðningsmannaklúbbinn. Á stofnfundinn mætti Hiroumi Keimatsu, heiðursfélagi úr japanska stuðningsklúbbi liðsins, og Einar á von á því að samstarf verði á milli þeirra, hugsanlega varðandi ferðir á leiki. „Mér skilst að Bilbao-ingar taki þessum erlendu klúbbum sínum með kostum og kynjum þegar þeir koma í heimsókn. Við hlökkum til þess,“ segir hann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

ÚRVAL ÚTSÝN

SÍÐUSTU SÆTIN

Golf á

ALICANTE

31. OKTÓBER | 12 DAGAR
 VERÐ FRÁ **179.900 KR.**
Á MANN M.V. 4 FULLORÐNA

NÁNAR Í SÍMA 585 4000 EÐA Á UU.IS/GOLF

+PLÚS



Götudans í Iðnó

Street danshátíð fór fram í Iðnó á gær. Hátíðin er hið eiginlega Íslandsmeistaramót. Sigtryggur Ari, ljósmyndari Fréttablaðsins, var á svæðinu.





TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



LAND CRUISER

EINFALDLEGA TOPPAR ALLT



Verð frá: 8.480.000 kr.



Konungur jeppanna er aftur mættur til leiks í veglegri sérútgáfu, Land Cruiser Adventure með fjallmyndarlegum aukahlutapakka sem toppar allt og tveggja ára þjónustupakka í kaupbæti.

Land Cruiser Adventure aukahlutapakki: 33" breyting, dráttarbeisli, húddhlíf og krómstútur á púst.
Heildarverðmæti: 660.000 kr.

2 ára þjónustupakki fylgir með öllum nýjum Land Cruiser, viðskiptavinum að kostnaðarlausu.

7 ára ábyrgð fylgir öllum nýjum Toyota bifreiðum.



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.



FRÉTTABLAÐID IS

1 Starfsmaður McDonalds kastaði blandara í andlitnið á viðskiptavin. Konan hlaut alvarlega áverka í andliti.

2 Sprengdi sjálfan sig í loft upp ásamt þremur börnum sínum. Donald Trump Bandaríkjaforseti staðfestir að Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi íslamska ríkisins, hafi fallið.

3 Tilkynnt um hávaða, öskur og læti í gufubaði í Breiðholti. Mennirnir lofuðu að lækka í sér og tónlistinni.

4 Dauðar slóðir Stjórnarráðsins. Páll Hilmarsson, sérfræðingur hjá gagnabjónustu Reykjavíkurborgar, segir líklegt að íslenskar vefsíður séu að hverfa.

5 Thunberg beinir spjótum sínum að Zuckerberg. Zuckerberg var spurður spjörum um stefnu Facebook er varðar ritskoðun auglýsinga.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fánleg á www.frettabladid.is

Aðferðir Arion aðfinnsluverðar

VIÐSKIPTI Á grundvelli vettvangsathugunar hjá Arion banka hefur Fjármálaeftirlitið komist að þeirri niðurstöðu að úrbóta sé þörf við virðismat útlána bankans. Þetta kemur fram í gagnsæistilkynningu á vef eftirlitsins.

Í athuguninni var úrtak útlána til fimm viðskiptamanna og tengdra aðila skoðað og niðurstöður virðismats með áherslu á bókfært virði skuldbindinganna athugað. Ekki var gerð athugasemd við bókfært virði. Hins vegar fann eftirlitið að skráningarkerfi trygginga þar sem það var ekki talið endurspeglar stöðu viðskiptamanna nægilega.

Þá voru dæmi þess að ferli við virðismat var ekki fylgt og að óvissa væri um virði trygginga bankans vegna útlána til eins viðskiptamanns. Þá hafi skilyrðum fyrir lánveitingum til tveggja viðskiptamanna ekki verið fullnægt. – jþ

Íbúar samþykktu að sameina fjögur sveitarfélög á Austurlandi í eitt


AUSTURLAND Íbúar á Fljótisdalshéraði, í Seyðisfjarðarkaupstað, Djúpavogshreppi og Borgarfjarðarhreppi samþykktu að sameinast í eitt sveitarfélag í íbúakosningu sem fram fór á laugardag. Nýtt sveitarfélag verður það stærsta á landinu.

Kjörsóknin var 75,9 prósent og alls voru 88,6 prósent fylgjandi sameiningu. Mestur var stuðningurinn á Fljótisdalshéraði, 93,9 prósent, en það er jafnframt stærsta og fjölmennasta sveitarfélagið af þessum fjórum.

Mesta andstaðan var í Djúpavogshreppi þar sem 35,8 prósent kusu gegn sameiningu og 64,2 prósent með. Í Seyðisfjarðarkaupstað studdu 87,4 prósent sameiningu og í Borgarfjarðarhreppi 72,1 prósent.

Íbúafjöldi hins nýja sveitarfélags verður um 5.000 manns, eða mjög svipað og í Fjarðabyggð, sem varð til úr þremur sveitarfélögum árið 1998 og þrjú til viðbótar bættust við árið 2005.

Þegar sameiningin tekur gildi



■ Borgarfjarðarhreppur
■ Seyðisfjarðarkaupstaður
■ Fljótisdalshérað
■ Djúpavogshreppur

verða aðeins fjögur sveitarfélög á Austurlandi, hin tvö fyrrnefndu, Vopnafjarðarhreppur og Fljótisdalshreppur. Enn þá á eftir að finna nafn á hið sameinaða sveitarfélag en ný sveitarstjórn verður kosin þar næsta vor. – khg

Loftslagsmálin til umræðu á þingi Norðurlandaráðsins

Þing Norðurlandaráðs, hið 71. í röðinni, fer fram í Stokkhólmi í vikunni en þar koma saman þingmenn og ráðherrar frá öllum Norðurlöndunum. Loftslagsmál, sjálfbærni og þátttaka ungs fólks í mótun markmiða eru áberandi á dagskránni. Ísland fer með formennsku í ráðinu á næsta ári.

NORÐURLÖND Norðurlandaráðsþing verður formlega sett á morgun en þingið fer fram í sænska þinginu í Stokkhólmi. Meðal dagskrárlíða fyrsta dagsins er norrænn leiðtogafundur þar sem forsætisráðherrar Norðurlandanna taka þátt. Þar munu ráðherrarnir ræða hvernig norræna samfélagslíkanið geti þróað og stuðlað að sjálfbærum umskiptum.

Ísland tekur við formennsku í Norðurlandaráði á næsta ári og verður formennskuáætlun Íslands kynnt á þinginu. Yfirskrift áætlunarinnar er „Stöndum vörð“ og er þar vísað í áskoranir tengdar lýðræði og loftslagsbreytingum.

„Í fyrst lagi ætlum við að standa vörð um lýðræðið, sem er eitt af grunnildum norrænna ríkja, með því að berjast gegn upplýsinga-óreiðu og falsfréttum. Líklegt er að þetta málefni verði mjög í sviðsljósinu á næsta ári þegar forsetakosningarnar fara fram í Bandaríkjunum,“ segir Silja Dögg Gunnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

Silja Dögg hefur verið tilnefnd sem forseti Norðurlandaráðs á næsta ári og Oddný G. Harðardóttir sem varaforseti.

Í áætluninni er einnig lögð áhersla á líffræðilegan fjölbreytileika. Silja Dögg segir að um ansi víðtækt hugtak sé að ræða en ákveðin svið hafi verið valin sem leggja á sérstaka áherslu á.

„Annað er líffræðilegur fjölbreytileiki í hafi, en minna hefur farið fyrir þeim þætti vandans heldur en því sem snýr að lífi á



Silja Dögg Gunnarsdóttir, formaður Íslandsdeildar Norðurlandaráðs, á fundi ráðsins árið 2017.

landi. Hitt er að gefa ungu fólki tækifæri til að hafa áhrif á mótun nýju markmiðanna um líffræðilega fjölbreytni,“ segir Silja Dögg.

Þriðji þáttur áætlunarinnar snýr að eflingu tungumálaskilnings á Norðurlöndum. „Forsenda þess að Norðurlönd geti unnið saman að stórum og mikilvægum verkefnum er að við treystum böndin milli okkar. Tungumálakunnáttan er lykilmáttur í því. Því miður er kunnáttu okkar Íslendinga í dönsku og öðrum skandinaviskum málum minni nú en var fyrir nokkrum áratugum.“

Styrkja þurfi stöðu norrænu

tungumálanna í skólakerfinu og auðvelda aðgengi fólks að sjónvarpsefni, bókmenntum og öðru menningarefni frá Norðurlöndunum. Það þurfi þó að horfast í augu við að margir Finnar, Íslendingar og Grænlandingar skilji ekki skandinavísku málin og finna þurfi leiðir til að þeir verði ekki útilokaðir frá norrænu samstarfi.

Að venju verða verðlaun Norðurlandaráðs veitt í tengslum við þingið en afhendingin fer fram annað kvöld. „Það verður auðvitað að vanda gaman að fylgjast með afhendingu verðlaunanna. Íslend-

ingar hafa hlotið mörg verðlaun á síðustu árum þannig að ég er bjartsýn á að þeim sem tilnefndir eru í þetta sinn gangi líka vel,“ segir Silja Dögg.

Fyrir utan dagskrá sjálfs þingsins fara fram fjölbreyttir fundir og viðburðir á vegum ýmissa norrænna aðila.

„Í tengslum við þingið verður líka haldinn sérstakur fundur þar sem við þingmenn ætlum að ræða sameiginlega umsókn Norðurlanda um að halda heimsmeistarakeppni kvenna í fótbolta 2027,“ segir Silja Dögg. sighvatur@frettabladid.is



jeep.is

ALVÖRU JEPPI - ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIF

JEEP® GRAND CHEROKEE

FÁANLEGUR MEÐ 33" EÐA 35" BREYTINGU

- 3.0L V6 DÍSEL
- 250HÓ / 570 NM TOG
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN
- LÆSING Í AFTURDRIFI

JEEP® GRAND CHEROKEE VERÐ FRÁ 10.990.000 KR.

35" BREYTTUR



UMBODSADILI JEEP® Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433

WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16



PFAFF
1929 - 2019

**30%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM
VÖRUM!**

VIÐ EIGUM AFMÆLI Í DAG!

Fyrir 90 árum, eða þann **28. október árið 1929** seldi Pfaff sína fyrstu saumavél og þar með hófst farsæl fjölskyldusaga sem stendur enn yfir. Við fögnum deginum og bjóðum landsmönnum í heimsókn til okkar á Grensásveginn þar sem allar vörur verða seldar með 30% afslætti, aðeins þennan eina dag. Og að sjálfsögðu verða Pfaff hundarnir á svæðinu.

Komið fagnandi – við tökum vel á móti ykkur!

**PFAFF
SYSTKININ
BJÓÐA UPP Á
VÖFFLUR OG
KAFFI
KL. 14-16!**

Kanna þurfi lögmæti kirkjusamnings

Undirnefnd sem fjárlaganefnd skipaði vegna nýs samnings ríkisins við Þjóðkirkjuna telur að óska þurfi eftir ítarlegum upplýsingum frá fjármálaráðuneyti um samninginn. Ríkisendurskoðun meti hvort samningurinn er í samræmi við lög um opinber fjármál.

STJÓRNMÁL Undirnefnd fjárlaganefndar leggur til að Ríkisendurskoðun verði falið að meta nýjan samning milli ríkis og kirkju og hvort hann samræmist lögum um opinber fjármál. Nefndin leggur einnig til að óskað verði eftir minnisblaði um afstemmingu ráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar á skuldastöðu ríkisins við kirkjuna vegna eignatilfærslu kirkjujarða til ríkisins á grundvelli kirkjujarðasamkomulagsins frá 1997.

Í samkomulaginu frá 1997 er kveðið á um að ríkið eignist allar kirkjujarðir utan prestssetra gegn því að ríkið greiði laun tiltekins fjölda presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar. Ríkið hefur greitt á fimm tug milljarða til kirkjunnar á samningstímanum. Ekki liggur hins vegar fyrir til hvaða jarða samningurinn tekur né var nokkurn tíma gert mat á virði samningsins né eignanna sem hann tekur til enda jarðirnar ótilgreindar í samkomulaginu.

Í september síðastliðnum var ritað undir viðbótarsamkomulag við samninginn frá 1997, með einföldun hans fyrir augum. Í viðbótarsamningi þessum er fjallað um allar greiðslur úr ríkissjóði til kirkjunnar, um þrjá og hálfan milljarð á ári, að frátöldum sóknargjöldum. Samningurinn er ótímabundinn en samningsaðilar geta krafist endurskoðunar á ákvæðum hans eftir fimmtán ár. Sérstaklega er kveðið á um að samningsaðilar geti ekki krafist breytinga á samningnum á grundvelli fjölgunar eða fækkunar meðlima í þjóðkirkjunni.

Samkvæmt svari dómsmálaráðuneytis við fyrirspurn Fréttablaðsins var samningurinn ekki borinn undir Alþingi, sem fer með fjárveitingavaldið, heldur er samningurinn sem slíkur í umboði ríkisstjórnarinnar, eins og segir í svarinu. Ljóst er hins vegar að lagabreytingar þarf til að ákvæði hans geti öðlast gildi auk þess sem Alþingi þarf að samþykkja allar fjárveitingar ríkisins með fjárlögum.

Á fundi fjárlaganefndar 6. október síðastliðinn var skipuð undirnefnd til að gera tillögur um innleiðingu á ákvæðum samningsins í fjárlög. Í undirnefndinni sitja Haraldur Benediktsson, Björn Levi Gunnarsson og Birgir Þórarinnsson. Í minnisblaði þeirra til fjárlaganefndar eru reifuð nokkur álita-mál sem þarfnist skýringa. Helsta álitaefnið varðar „uppgjör þeirrar tilfærslu á eignum sem áttu sér stað árið 1907 og voru gerðar upp í kirkjujarðasamkomulaginu frá 1997. Um hvaða eignir var að ræða og hver er endanlegur kostnaður þess uppgjors fyrir ríkið.“

Gagnrýnt er að greiðslur til kirkjunnar samkvæmt samkomulaginu séu ekki sundurliðaðar þannig að ljóst sé hvaða upphæðum sé ætlað að



Jarðirnar sem ríkið eignaðist 1997 eru ótilgreindar en samkomulag um greiðslur fyrir þær er ótímabundið.

Upplýsingar sem undirnefnd fjárlaganefndar vill afla um samninginn

■ Afstaða Ríkisendurskoðunar til þess hvort samningurinn er í samræmi við lög um opinber fjármál.

■ Yfirlit um allar jarðir sem ríkið hefur gefið kirkjunni frá kirkjujarðasamningnum.

■ Nefndin óskar eftir minnisblaðum frá fjármálaráðuneytinu um ...

... afstemmingu ráðuneytis og Ríkisendurskoðunar vegna eignatilfærslunnar árið 1997.

... launahlutfall í ríkisstofnunum og hvernig hægt sé að rökstyðja 90% launahlutfall í viðbótarsamningnum.

... af hverju ekki er gert ráð fyrir aðhaldskröfu í samningnum.

... af hverju tímamörk samningsins séu lengri en 5 ár.

... hverjar skuldbindingar ríkisins

gagnvart 62. gr. stjórnarskrárinnar séu.

... hvernig útgjöld vegna samningsins séu í samræmi við þá stefnumörkun sem liggur til grundvallar fjármálaáætlun.

... umfang og gæði þeirrar starfsemi sem samningurinn tekur til, samningstíma, skilyrði fyrir samningsgreiðslum og eftirlit með framkvæmd þeirra.

➤ Samningurinn er ótímabundinn en opin til endurskoðunar eftir 15 ár. Samkvæmt lögum skulu samningar takmarkast við fimm ár.

samninga ríkisins við kirkjuna standist strangar kröfur laganna um samninga ríkisins.

Vísad er til þess að samningurinn sé ótímabundinn en opin til endurskoðunar eftir 15 ár. Lög um opinber fjármál kveða hins vegar á um að samningar skuli almennt takmarkast við fimm ár en undanþáguheimild er fyrir hendi vegna kostnaðarsamra fjárfestinga. Ekki er gerð tilraun til að rökstyðja fimmtán ára gildistíma samningsins.

Þá segir einnig að hvorki sé skilgreint umfang né gæði starfseminnar sem samningurinn tekur til, hvaða skilyrði fylgja greiðslum og hvernig eftirlit verði haft með þeim.

Leggur undirnefndin til að fjárlaganefnd kalli eftir frekari gögnum frá ráðuneytinum til að skýra þessi álitaefni og að Ríkisendurskoðun verði falið að meta hvort samkomulagið samræmist lögum um opinber fjármál.

Fjárlaganefnd mun nú afla upplýsinga og umsagnar fjármálaráðuneytisins áður en frekari afstaða verður tekin til málsins.

adalheidur@frettabladid.is

Undirnefnd fjárlaganefndar



Björn Levi Gunnarsson
Pírötum



Birgir Þórarinnsson
Miðflokk



Haraldur Benediktsson
Sjálfstæðisflokk

vera greiðslur fyrir hinar ótilgreindu jarðir og hvaða greiðslum sé ætlað að uppfylla skyldu ríkisins samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um skyldu til að styðja og vernda íslensku þjóðkirkjuna.

Þrátt fyrir að öll torkerki hafi verið talin á því að unnt sé að verðmeta verðmætin sem fluttust til

ríkisins með samkomulaginu frá 1997, er vísad til álitsgerða kirkju-eignanefndar frá 1984 og 1992 sem innihéldu lista af jörðum sem nefndarmenn telja að samkomulagið hafi grundvallast á. Andvirði þeirra hafi verið reiknað á sínum tíma og uppfært verðmæti þeirra í dag sé um þrjú milljarðar. Því megi

færa rök fyrir því að fullnaðargreiðsla ríkisins fyrir jarðirnar sé þegar að fullu greidd og eftir standi aðeins skuldbinding ríkisins gagnvart kirkjunni á grundvelli 62. gr. stjórnarskrárinnar.

Í minnisblaðinu er vísad til laga um opinber fjármál og dregið í efa að framangreindur óskýrleiki

Leiðtogi Íslamska ríkisins sprengdi sig og þrjú börn sín í loft upp

BANDARÍKIN Abu Bakr al-Baghdadi, leiðtogi Íslamska ríkisins, ISIS, féll í aðgerðum bandarískra sersveitarmanna í Idlib-héraði í norðvesturhluta Sýrlands um helgina.

Donald Trump Bandaríkjaforseti lýsti aðgerðinni og dauðdaga al-Baghdadi í miklum smáatriðum á blaðamannafundi í gær. Baghdadi sprengdi sjálfan sig og þrjú börn sín í loft upp með sprengjuvesti eftir að hafa verið kröður af í neðanjarðargöngum.

„Hann drapst eins og dýr, hann dó eins og heigull. Heimurinn er nú öruggari án hans,“ sagði Trump. Sagði hann einnig að al-Baghdadi

hefði óskrað og veinað áður en hann lést.

Nokkrir liðsmenn al-Baghdadi féllu í árásinni en engan sersveitarmann sakaði í árásinni. Trump tók þó fram að sérþjálfður hundur Bandaríkjahers hefði meidd í jarðgöngunum.

Al-Baghdadi, sem var um fimmtugt, hefur verið einn eftirlýstasti maður í heimi síðustu ár og var gælunafn hans „Draugurinn“. Hann er talinn hafa verið klerkur þegar Bandaríkjamenn réðust inn í Írak árið 2003. Árið 2006, eftir að hafa verið í haldi Bandaríkjamanna, gekk hann til liðs við hryðjuverka-



Abu Bakr al-Baghdadi leiddi ISIS frá árinu 2010. NORDICPHOTOS/GETTY

samtökin Al-Qaeda. Í maí 2010 tók hann við sem leiðtogi ISIS.

Trump segir að Bandaríkjamenn hafi vitað af dvalarstað Baghdadi og hafi hann verið undir eftirliti í nokkrar vikur áður en ráðist var í aðgerðir.

Sersveitin flaug inn í gegnum rússneska lofthelgi. Þakkaði Bandaríkjaforseti þjóðarleiðtogum Rússlands, Tyrklands, Sýrlands og Kúrda sem hann segir hafa hjálpað sersveitum Bandaríkjahers í aðgerðunum. Kúrdar hafi ekki vitað nákvæmlega út á hvað aðgerðin gekk en hafi þó aðstoðað hermennina. – ilk

+PLÚS



Óeirðalögrelupjónn tekst á við mótmælendur í Santiago, höfuðborg Chile. Mótmæli gegn forsetanum Sebastian Pinera hafa staðið yfir í átta daga og átján manns hafa fallið. NORDICPHOTOS/GETTY



Hundar tilbeðnir á Kukur Tihar hátíðinni í Katmandú, höfuðborg Nepals. Hátíðin er hluti af hátíð ljósa í sið hindúa. Hundar eru helg dýr í hindúasið vegna tengsla þeirra við menn, og eiga að fylgja mönnum til himna. NORDICPHOTOS/GETTY



Slökkviliðsmaður fer fimlega yfir hlið í Canyon Country í Kaliforníu. Að minnsta kosti 3.700 hektarar hafa brunnið í miklum skógareldum. NORDICPHOTOS/GETTY




Mótmælendur í Hong Kong sýndu sjálfstæðissinnnum í Katalóníu stuðning og héldu fána þeirra á lofti. Mótmælin í borginni hafa nú staðið yfir í meira en fjóra mánuði. NORDICPHOTOS/GETTY



Elizabeth Warren talar á kosningasamkomu í Florence í Suður-Karólínufylki. Warren er, ásamt Joe Bide, talin eiga mesta möguleika á að vinna forval Demókrataflokksins og mæta þar með Donald Trump í forsetakosningum á næsta ári. NORDICPHOTOS/GETTY



**BJÓÐUM
12 MÁNAÐA
VAXALAUS LÁN**



DROTTNINGA DAGAR



DROTTNING VIKUNNAR



DAISY

STÆRD 160X200 CM

DROTTNINGARVERÐ

77.238 KR.

FULLT VERÐ 110.340 KR.

**30%
AFSLÁTTUR**

- 5 SVÆÐASKIPT HEILSURÚM
- STYRKTIR KANTAR
- FRÁBÆR AÐLÖGUN
- GÓÐ ÞYNGDARDREYFING
- INNIFALIÐ Í VERÐI DÝNA, BOTN OG FÆTUR

KOMDU NÚNA OG GERÐU FRÁBÆR KAUP

BJÓÐUM 12 MÁNAÐA VAXTALAUS LÁN

rekkjan
HEILSURÚM

Ógagnsæ fasteignagjöld



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Í sumar sem leið barst sú frétt að heildarmat íbúða á landinu verði sex prósentum herra næsta ár en á yfirstandandi ári. Fram kom að hækkun á heildarmati fasteigna sé hóflegri en varð á milli árunna 2017 og 2018, sem þá varð hátt í 13 prósent, að atvinnufasteignum meðtöldum. Misjafnt er á milli landshluta hvernig matið fyrir næsta ár breytist. Í fréttatilkynningu sem Þjóðskrá sendi af þessu tilefni segir að meðal annars sé byggt á þinglýstum kaupsamningum við gerð þess. En það er ekki eina forsendan, því fram kemur að matið byggji á fjölmörgum öðrum þáttum sem áhrif hafa á verðmæti fasteigna. Ekki kemur nánar fram hverjir þessir fjölmörgu þættir eru.

Nú gæti verið ástæða til að fagna því að verðmæti fasteigna fólks sé hækkandi. En á fasteignamati er önnur hlið, því það er grundvöllur skattlagningar hins opinbera. Tekjustofnar sveitarfélaga eru útsvar, framlag úr jöfnunarsjóði og fasteignaskattur. Sá skattur er lagður á eigendur fasteigna sem hlutfall af fasteignamati. Sveitarfélög hafa þó svigrúm til að ákveða hvert þetta hlutfall er. Að auki leggja sveitarfélögin á fasteignaeigendur holræsagjald, vatnsgjald, sorpgjald auk lóðarleigu, sem samtals myndar álögd fasteignagjöld.

Nýlega efndu Félag atvinnurekenda, Húseignadafélagið og Landsamband eldri borgara til fundar um fasteignagjöld. Í ályktun þessara aðila var lagt að sveitarfélögum að lækka álagningarprósentu fasteignagjalda. Í ályktuninni er á það bent að skattlagning verði að byggja á sanngirni og réttlæti. Þá kemur einnig fram að skattlagningin uppfylli ekki þá kröfu að skattgreiðandinn skilji hvernig skatturinn er reiknaður út.

Hérlendis er fasteign að jafnaði uppistaðan í ævisparnaði fólks. Þá fasteign hefur fólk keypt með því að spara fé af launum sínum, eftir að þau hafa verið skattlögð, og lánnum, með tilheyrandi vöxtum og kostnaði. Þegar svo við bætist ógagnsæ skattlagning þessarar eignar á grundvelli verðmætis sem fáir skilja hvernig er reiknað, er varla nema eðlilegt að fara fram á að þessari skattlagningu sé haldið eins hóflegri og mögulegt er. Ekki má líta fram hjá því að vaxandi fasteignagjöld eiga sinn þátt í hækkandi leiguverði og hafa því íþyngjandi áhrif á þá sem eru á leigumarkaði. Þá er samspil aukinna áлага og hækkandi fasteignaverðs almennt íhugunarefni. Í ályktuninni segir að vandræðalaust sé að taka upp annað og gagnsærra viðmið við álagninguna. Fasteignamat sé aðallega gjaldstofn fyrir álögur, en sé að öðru leyti til litils gagns. Þá sé mannfrekt að halda því úti. Bent er á að stöðjast megi við brunabótamat til að þjóna sama markmiði.

Undir þetta er tekið. Skattlagning fasteigna er snarliður í fjármögnun sveitarfélaga en um hana þarf að vera friður. Það er brýnt að taka til endurskoðunar hvernig staðið er að skattlagningu fasteigna hérlendis.



Ekki má líta fram hjá því að vaxandi fasteignagjöld eiga sinn þátt í hækkandi leiguverði og hafa því íþyngjandi áhrif á þá sem eru á leigumarkaði.

Halldór



Frá degi til dags

Takk fyrir ekkert
Takk, kæra Blaðamannafélag, fyrir að hafa aldrei sagt orð við þeirri gamalkunnu list íslenskra auglýsenda að hótta stórum og smáum miðlum auglýsingabanni þegar fréttatilkynning hentar ekki pólitíkinni þeirra. Takk fyrir að hafa setið hjá þótt fjölmiðlum sé hóttað gjaldþroti vegna afhjúpana sem auglýsendum falla ekki í geð. Takk fyrir að álykta gegn blaðakönum þegar stórfyrirtæki beitir krafti sínum í þágu mannréttinda og jafnréttis. Takk fyrir ekkert.

Banki bjargar fjölmiðlum
Að því sögðu, það hafa stór orð verið látnin falla í tengslum við breytta stefnu Íslandsbanka um að auglýsa ekki hjá fjölmiðlum með skökk kynjahlutföll. Hafa margir varað við því að þetta geti haft slæm áhrif á fjölmiðla, sérstaklega effleiri fyrirtæki feta sömu braut. Það þarf alls ekki að vera. Samkvæmt tölum um starfsfólk Facebook og Google, sem á YouTube, er yfirgnæfandi hluti starfsmanna þeirra karlkyns. Myndi það hreinlega bjarga íslenskum fjölmiðlum ef Íslandsbanki og önnur stórfyrirtæki hættu að auglýsa hjá þeim.
adalheidur@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

Neyðarnúmer fyrir leigjendur Félagsbústaða



Kolbrún Baldursdóttir
borgarfulltrúi
Flokks fólksins

Á fundi borgarráðs lagði ég til að Félagsbústaðir hafi á heimasíðu sinni neyðarnúmer fyrir viðhaldsþjónustu sem hægt er að hringja í utan hefðbundins opnunartíma skrifstofu. Félagsbústaðir eru hlutafélag sem sér um eignarhald og rekstur félagslegs leiguhúsnæðis á vegum borgarinnar.

Félagsbústaðir þurfa sem rekstraraðilar leiguhúsnæðis að sinna ýmsum skyldum gagnvart leigjendum. Meginreglan, skv. 19. gr. húsaleigulaga, er sú að leigusali annist viðhald á húsnæði. Þá hvílir einnig á leigjanda sú skylda að tilkynna leigusala án tafar um atriði sem þarfnast lagfæringar og viðhalds, sbr. 2. mgr. 29. gr. Leigusali skal auk þess framkvæma viðgerðir og viðhaldsvinnu eins fljótt og auðið er, sbr. 1. mgr. 21. gr.

Ef óvænt atvik koma upp á hjá leigjendum þarf neyðar- og viðbragðsþjónusta að vera til staðar. Ef rafmagn slær út eða lagnir springa verða leigjendur að geta sett sig í samband við Félagsbústaði strax.

Þetta kallar á að hafa starfsmann á vakt sem getur brugðist við í slíkum neyðartilfellum á kvöldin og um helgar. Margir leigjendur eru eldra fólk og öryrkjar sem eiga ekki möguleika á að bregðast við að sjálfsgöngu þegar upp koma neyðartilfelli er varða húsnæðið. Þá þurfa úrræði að vera til staðar. Mörg dæmi eru um að hlutir hafi gerst sem þarf að huga að strax en þá hefur fólk þurft að biða þar til daginn eftir og jafnvel lengur. Það er að sjálfsgöngu þegar upp koma neyðarþjónustu er hluti af eðlilegri þjónustu hjá leigufélagi sem vill sinna leigjendum sínum vel. Neyðarþjónusta sem þessi er líka til þess fallin að fyrirbyggja tjón á eignum félagsins. Margir leigjendur Félagsbústaða hafa deilt reynslu sinni af óvæntum atvikum tengdum húsnæðinu sem valdið hafa þeim uppnámi og áhyggjum. Þessi breyting yrði því til hagsbóta fyrir leigjendur og ekki síður fyrir Félagsbústaði.



Mörg dæmi eru um að hlutir hafi gerst sem þarf að huga að strax en þá hefur fólk þurft að biða þar til daginn eftir og jafnvel lengur. Það er að sjálfsgöngu ekki boðlegt.

Réttur mánaðarins

LAMB Í KARRISÓSU

Foreldað
Aðeins að hita

1.998 kr./stk.

Bónus Lambkjöt í karrísósu
1 kg - Verð áður 2.298 kr.

BONUS **EKKERT BRUÐL**

Má slaka?

Í DAG

Guðmundur Steingrímsson



Margir á mínum aldri hafa átt ömmur og afa — og eiga kannski enn — sem ólust upp í torfbæ. Það er semsagt ekki lengra síðan að torfbær voru mjög algengur húsakostur fólks. Þar bjó fólk við lækjarnið og fuglasöng með kusur í haga. Kynslóð foreldra okkar er almennt sú fyrsta sem fæddist í stórum stíl á mölinni, eftir að foreldrar þeirra höfðu yfirgefið heimahagana og flutt úr sveit í borg. Reykjavík varð til með öllum sínum verslunum, veitingastöðum, úthverfum, djammí. Rokktónlist kom. Diskó. Pönk. Fólk eignaðist sjónvörp. Fólk fór að hafa það kósi í krumpugöllum. Blandaði sér asna fyrir mat. Fór til Costa del Sol. Fór yfirum. Eða ekki. Lífið kannski bara hamingjusamlega við aukin lífsgæði, betri húsakost og meiri þægindi. Keypti sér þvottavél og þurrkara, brauðrist og vídeótæki. Horfði á Dallas.

Ég held að það vilji stundum gleymast hvað saga veruleikans sem við búum við er í raun stutt. Amma í torfbæ. Mamma á mölinni. Svo maður sjálfur, 47 ára Reykvíkingur uppá dag. Þessi tímaás spannar um hundrað ár. Einhvers staðar í miðjunni byrja Rolling Stones að gera allt brjálað, hár ungmenna síkkar og hömluleysis- og uppreisnarbylgja í krafti betri aðbúnaðar þorra fólks fer eins og glimmersprengja um heimsbyggðina.

Ráðherrar í stuði

Mick Jagger er ennþá hress. Sá stórmynti ærslabelgur syngur enn með Stones út um allar koppagrundir og minnir okkur á að stuðið er ekki búið. Hvílíkir brauðryðjendur. Hvílíkar breytingar. Það var engin önnur Rolling Stones til á undan Rolling Stones. Þeir voru fyrstir. Rétt áður en maður fæddist varð þessi sprengja. Stuðið hófst.

Í þessu menningarsögulega samhengi kys ég að skoða fréttir síðustu viku um það að ríkisstjórn Íslands hyggist grípa til ráðstafana til að einfalda alls konar regluverk. Smá í anda rokksins — ekki mikið samt — gáfu þau Þórdís Kolbrún og Kristján Þór í skyn að þau vildu helst brenna allar þessar reglugerðir þar og þá.

Ráðherrarnir sátu þó á sér. Líklega hefði þurft að einfalda reglugerðir áður um brunavarnir. En ég lagði við hlustir. Mér finnst þetta svolítið áhugavert. Ég er enginn frjálshyggjumaður en mér finnst ég þó geta tengt nokkuð sterkt við þetta markmið ráðherranna. Má ekki aðeins slaka?

Spyrna varð við

Sjáiði til. Ég held að þegar fólkið semsagt flutti á mölina og fór að láta meira og minna eins og brjálæðingar, skiljanlega — frelsinu og nýfengnum upphituum húsum fegið — hafi það tekið grandvara embættismenn og riddara rétttra verkferla nokkur ár að fatta að þetta auðvitað gengi ekki. Það yrði að setja öllum þessum sjálfskipuðu byggingsmeisturum skorður. Smiðum, pípurum og rafvirkjum. Öllum þessum stórhuga athafna-skáldum. Öllum þessum stóryrtu fjölmiðlamönnum. Ungmennum. Foreldrum. Bílstjórum. Hjólreiðamönnum. Partihöldurum. Kokkum. Gæludýraeigendum. Hótelstjórum.

Ekki gekk að undirleggja samfélagið fúski. Ákveða varð breidd stiga í nýbyggingum upp á sentimetra, dýpt svala og millibil rimla í handriði. Kveða varð á um staðsetningu

ingu motta við anddyri á vinnustöðum og skilgreina upp á hár muninn á einföldum og tvöföldum romm í kók. Annars færi hér allt í klessu.

Úrelt veröld

Ég aðhyllist svolítið Hegelískar kenningar um að gangur sögunnar sé eins og pendúll sem sveiflast hægt og ákveðið fram og til baka. Undanfarin hundrað ár hefur hann sveiflast frá tíðindalítu torfbæjarlíferni við lækjarnið yfir í rokk og

frjálsræði. Viðbrögðin við rokki og frjálsræði urðu síðan viss forræðis-hyggja. Reglugerðir voru settar. Ég held að það sé engin ástæða til að býsnast yfir því. Líklega þurfti að kippa í taumana. Á einhverjum áratugum hefur pendúllinn sveiflast til baka yfir í meiri almenna yfirvegum. Menntun hefur aukist. Upplýsingar liggja út um allt. Við sem ólumst upp við partihöld fyrstu kynslóðar á mölinni og urðum vitni að sjónvörpunum fara úr svarthvítu í lit, og

sáum Cliff Barnes úr Dallas koma til landsins og tala um að það gæti verið sniðugt fyrir fólk að fara kannski í svokallaða áfengismedferð til að ná tökum á lífinu, við höfum lært eitt-hvað á þessu öllu saman. Það þarf að taka ábyrgð á sjálfum sér. Ekki vera fávíti.

Ég held að gott samfélag sé frjálst samfélag. Þar sem fólk er treyst, þar er gott að vera. En ég held að það geti líka meira en vel verið að samfélag sé misvel í stakk búið að höndla frelsi.

Þá er spyrnt við. Nú er runninn upp sá tími, líklega, að reglugerðirnar eru margar orðnar furðulegar. Þær eru úreltar. Þær storka skynseminni. Þær aftra vel meinandi fólki. Núna má fara að treysta meira aftur. Fólkinu fyrir húsunum sínum, fyrir fyrirtækjum sínum, staðsetningu mottanna, breidd stiganna og magni vodka í asna.

Sem enginn reyndar fær sér lengur. Talandi um breytta tíma. Hann heitir núna Moscow Mule.

Einstakt tækifæri



Anylett sæng
Fyllt með Holofiber trefjum
Þyngd 1000 gr
Verð 4.990.-



Night & Day sæng
Fyllt með sílíkonhúðuðum dúntrefjum
Þyngd 1700 gr
Verð: 5.990.-



Thule dúnsæng
Fyllt með 90% andadún og 10% smáfiðri
Þyngd 650gr
Verð: 13.990.-



Arctic dúnsæng
Fyllt með 90% andadún og 10% smáfiðri
Þyngd 950gr
Verð: 21.990.-



Anylett koddí
Þriggjálaga kælíkoddí með viscogeli og smáfiðri
Þyngd 800gr
Verð kr. 1.890.-



Fabilous dúnkoddí
Fylltur með 20% andadún og 80%smáfiðri
Þyngd 850gr
Verð: 2.190.-

Tilvalin jólagjöf

Gámasala einungis þessa daga:

Mánud. 28. okt – föstud. 1. nóv

Opið frá kl 9-17

EDDA
HEILDVERSLUN

Allir velkomnir

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík | eddaehf@eddaehf.is | eddaehf.is

Drengurinn frá höfuðborg súkkulaðisins

Christian Pulisic, leikmaður Chelsea, skoraði hina fullkomnu þrennu um helgina þegar liðið vann Burnley. Pulisic hefur átt erfitt uppdráttar frá því hann kom til Lundúna en sér nú fram á bjartari tíma. Í undanförunum leikjum hefur hann sýnt af hverju Chelsea borgaði svo mikið fyrir kappann.

ENSKI BOLTINN Að skora hina fullkomnu þrennu er ekki eitthvað sem gerist á hverjum degi, þ.e.a.s. að skora með hægri fæti, þeim vinstri og með hausnum. Alls hefur 31 leikmaður gert það á 28 tímabilum í ensku úrvalsdeildinni. Þegar listinn er skoðaður má sjá að kunnugleg nöfn sem höfðu markanef, eins og sá besti, Alan Shearer, er ekki að finna þarna. Ekki heldur Wayne Rooney eða Harry Kane. Robbie Fowler gerði það þó þrisvar, takk fyrir.

Christian Pulisic, leikmaður Chelsea, bættist í þennan glæsilega hóp á laugardaginn þegar hann skoraði eftirminnilega þrennu þó það sé hægt að deila um hvort hann hafi skorað síðasta markið með öxlinni eða hausnum. En hann var frábær líkt og aðrir miðjumenn Chelsea í leiknum.

Pulisic kom til Chelsea í janúar frá Dortmund fyrir gríðarlega mikinn pening og var lánaður strax aftur þar sem hann kláraði tímabilið. Margir hafa beðið eftir að sjá hvað guttinn gæti en hann hefur verið nánast í frystikistunni hjá Frank Lampard frá því hann kom til liðsins. En nú leystist eitthvað úr læðingi og stjarna hans skein skært á Turf Moor, heimavelli Burnley.

Pulisic er fæddur 1998 í Hershey í Pennsylvaníu þar sem eitt allra besta súkkulaði heims rennur af færibandinu á hverjum degi. Foreldrar hans eru Kelly og Mark sem bæði spiluðu fótbolta í George Mason háskólanum. Faðir hans var stjarna í innanhússbolta, eins magnað og það er, með Harrisburg Heat. Snemma varð ljóst að Pulisic væri efnilegur og hann smitaðist af fótboltaáhuganum þegar fjölskyldan bjó í eitt ár í Englandi. Þá var hann sjö ára. Fjölskyldan fór á nokkra leiki í enska boltanum, meðal annars hjá Manchester United og Tottenham. Hann hélt þessum áhuga og vakti athygli út fyrir landsteinana. Honum var boðið að æfa á Spáni, Englandi og í Þýskalandi. Hjá Dortmund leist fjölskyldunni best á aðstæður og áætlanir og samdi við félagið. Þá var Pulisic 15 ára. Faðir hans fór með og þjálfaði yngstu idkendir félagsins.

Ferill Pulisics fór snemma á flug og í vetrarfríinu árið 2016 var hann kallaður í aðalliðið til Thomas Tuchel og fór með því til Dúbaí. Þá var hann búinn að skora 10 mörk og gefa átta stoðsendingar í 15 leikjum með U19 ára liðinu. Í Dúbaí þótti hann strax sýna takta og í apríl sama ár skoraði hann sitt fyrsta mark fyrir félagið. Hann var þar með yngsti erlendi markaskorarin í Bundesligunni og sá fjórði yngsti frá upphafi. Hann var 17 ára og 212 daga gamall. Hann var þrjú ár hjá Dortmund, lék 81 leik og

» 31 leikmaður hefur skorað hina fullkomnu þrennu í ensku Úrvalsdeildinni. Robbie Fowler, Sergio Aguero og Yakubu eru þeir einu sem hefur tekist að gera það oft en einu sinni. Pulisic er aðeins annar Bandaríkjamadurinn til að skora þrennu í deildinni. Hinn var Clint Dempsey sem gerði það árið 2012.

skoraði 10 mörk og var orðinn stórstjarna heima fyrir. Stóru félögin fóru að banka á dyrnar og fylgjast með gutta og Chelsea keypti hann í janúar á 58 milljónir punda. Hann var dýrasti leikmaður Bandaríkja-anna.

Pulisic var æstur í að byrja ferilinn hjá Chelsea og stytta sumarfríið sitt um viku til að koma og hitta nýja liðsfélaga. Hann hringdi í nýja stjórnann Frank Lampard og tilkynnti honum áætlanir sínar. Þá var hann nýbúinn að klára Gullbikarinn með landsliðinu þar sem liðið tapaði úrslitaleik gegn Mexíkó.

Lífið í ensku úrvalsdeildinni hefur þó verið erfitt fyrir guttann og þótt verðmiðinn sé hár og Pulisic ein skærasta, ef ekki skærasta, knattspyrnustjarna heimalandsins, hefur Lampard verið spar á að nota hann. Eftir landsleik með Bandaríkjunum í september komu þrjú leikir í röð þar sem hann sat á bekknum. Svo kom deildabikar-leikur gegn Grimsby þar sem hann spilaði 90 mínútur en var síðan settur á bekkinn gegn Brighton. Gegn Lille í Meistaradeildinni komst hann ekki í hópinn og eðlilega voru menn og konur tengdir guttanum áhyggjufullir.

En hlutirnir eru fljótir að breytast í fótbolta. Pulisic var frábær þegar hann kom inn á gegn Ajax í Meistaradeildinni í síðustu viku og þrenna núna um helgina hefur sýnt fólki hvað þessi rúmlega tvítugi Bandaríkjamadur getur í fótbolta.

Chelsea hefur ekki tapað í undanförunum sjö leikjum og spílamennska liðsins hefur þótt mjög góð þó varnarleikurinn sé alltaf dálítið spurningamerki. Næst fær Chelsea heimaleik gegn Manchester United í deildabikarnum áður en liðið fer í ökuferð um London til að kíkja á granna sína í Watford.

benediktboas@frettabladid.is



HETJA HELGARINNAR

●● Hann er frábær leikmaður en auðvitað á hann margt eftir ólært, hann er jú aðeins 21 árs. En hann hefur æft vel og sýnt öllum að hann sé góður í fótbolta. Hann sýndi það líka á vellinum og ég vona að þetta veiti honum sjálfstraust fyrir komandi leiki – sem ég er sannfærður um.

Frank Lampard
knattspyrnustjóri Chelsea

Christian Pulisic

Spilar í treyju númer 22 sem við Íslendingar tengjumst sterkum böndum en Eiður Smári lék í sex tímabil í þeirri merku treyju. Hann er fæddur 18. september 1998 og á króatískan afa. Hann segir sjálfur að það megi bera nafnið sitt fram eins og Króatar gera venjulega en einnig að bandarískum sið. Hann styður New York Jets í NFL en Philadelphia 76ers í NBA deildinni.

●● Það eru teikn á lofti um að Lampard sé ekki sannfærður um Pulisic. Hann hefur sagt bandaríska leikmanninum að hann verði að bæta sig á æfingum. „Hann hefur ekki verið að spilað eins vel og hann hefði viljað. En gegn Ajax var hann geggjaður og alltaf þegar hann kom við boltann gerðust góðir hlutir. Það er gríðarlega gott fyrir Frank Lampard og fjölgar í vopnabúri hans.

Owen Hargreaves

Ótrúlegt verð á skrifstofuhúsgögnum



islenka //VA SVALEICT 92416 10/19

Kinnarps

Rafhækkjanlegt skrifborð

Nú eru síðustu forvöð að kaupa rafhækkjanlegt, tveggja mótor skrifborð úr T-línunni áður en framleiðsla þess verður hætt. Eitt verð, óháð stærð eða gerð borðplötu.

- Gæðaborðplötur – tvær stærðir á sama verði: 160x80 cm / 180x80 cm
- Tvær gerðir af borðplötum: spónlagðar með eik eða beyki
- Rafstýrð hækkun frá 61,5 cm upp í 128 cm
- Tveir mótórar

FRÁBÆRT
TÆKIFÆRI

Einstakt verð:

59.900 kr.

5 ÁRA ÁBYRGÐ

Opið virka daga 8:00–18:00

Skeifunni 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91–93, Akureyri
Hafnarstræti 2, Ísafirði

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is



PENNINN
Húsgögn




4 mörk skoraði **Ole Gunnar Solskjær** sem varamaður gegn Nottingham Forest.



10 sjálfsmörk skoraði **Richard Dunne** á ferlinum.



260 mörk skoraði **Alan Shearer** fyrir Blackburn og Newcastle. Af þeim sem eru enn að spila er Sergio Agüero með 172 mörk og Harry Kane 132.



5 mörk skoraði **Jermaine Defoe** í einum hálfleik árið 2009 fyrir Tottenham gegn Wigan.



49 leiki spilaði **Arsenal** án þess að tapa.



11 stig fékk **Derby** tímabilið 2007-2008.

3.039 mættu á leik **Wimbledon** og **Everton** 1993. Aldrei hafa færri mætt á leik í deildinni.




Metin sem aldrei verða slegin



40 ára og og 268 daga gamall var **Teddy Sheringham** þegar hann skoraði fyrir West Ham árið 2006.

Leicester jafnaði met Manchester United um stærsta sigur í sögu enska boltans þegar liðið rústaði Southampton 0-9. Þetta er jafnframt stærsti útisigur í sögunni. Fréttablaðið fór á stúfana og skoðaði önnur met sem trúlega aldrei verða slegin.



7,69 sekúndur tók það **Shane Long** að skora fyrir Southampton gegn Watford í apríl síðastliðnum.



11 leiki í röð skoraði **Jamie Vardy** árið 2015.

8 lið spilaði **Marcus Bent** fyrir. Crystal Palace, Blackburn, Ipswich, Leicester, Everton, Charlton, Wigan og Úlfana.



310 leiki í röð spilaði **Brad Friedel** fyrir Blackburn, Aston Villa og Tottenham.

100 stig fékk Manchester City tímabilið 2017-18. Þá skoraði liðið 106 mörk og var með 79 mörk í plús.

VIÐ LEIÐ

MÁNUDAGUR 28. OKTÓBER 2019

Baðherbergi



Eydís og Viðar stefna á miklar framkvæmdir í allri íbúðinni. Baðherbergið og forstofan eru tilbúin en eftir áramót hefjast framkvæmdir í öðrum rýmum.

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Hönnuðu og unnu baðherbergið sjálf

Hjónin Eydís Eiríksdóttir og Viðar Sýrusson keyptu sér nýlega íbúð í raðhúsi í Vesturbergi í Breiðholti. Húsið var byggt árið 1972 og íbúðin er nánast öll upprunaleg. Hjónin stefna á að taka alla íbúðina í gegn. ➔2

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464


Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is



Postulín fyrir veitingahús - framandi hönnun

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

G. BENEDIKT
1882



Allt hjá okkur

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is

geiri
www.geirihf.is

STÓRELDHÚS
FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Draghálsi 4 - 110 Reykjavík
Sími: 535 1300 -
verslun@verslun.is

ÞÚ FINNUR GÆÐIN MEÐ BROS Á VÖR **TIL HAMINGJU** MEÐ ÞAÐ!



Til hamingju pokarnir biða þín
glafir í bragði í næstu verslun.

Það er alltaf stutt í brosið ef þig
vantar bragðgóða hollustu, nasl eða
nesti fyrir heilbrigðan lífsstíl og gleði.

Til hamingju með þetta
Baunir og linsur
Hnetur og fræ
Hamingjusnakk
Kókos og rúsínur
Múslí og morgunkorn



TÍMAMÓT

Merkisatburðir


306 Maxentíus verður keisari Rómur.

1449 Kristján 1. krýndur konungur Danmerkur.

1492 Kólabus kemur til Kúbu.

1538 Háskólinn í Santo Domingo, fyrsti háskóli í Vesturheimi, stofnaður.

1628 Franska húgenottaborgin La Rochelle gafst upp fyrir herkonungs eftir fjórtán mánaða umsátur.



1780 Reynistaðarbræður Einar og Bjarni leggja af stað við fimmta mann með fjárrekstur norður yfir Kjöl. Þeir fórust allir á leiðinni.

1848 Dómkirkjan í Reykjavík var vígð eftir gagngera endurbyggingu kirkjunnar.

1868 Thomas Alva Edison sækir um fyrsta einkaleyfi sitt, vegna kosningavélar sem hann hafði fundið upp.

1886 Frelsisstytan (Liberty Enlightening the World) afhjúpuð á Liberty Island í New York-borg.

1909 Francis Bacon, írsk-enskur listmálari, fæddur.

1929 Dow Jones-vísitala kauphallarinnar í New York féll um tæp 13%.

1955 Bill Gates, stofnandi Microsoft, fæddur.

1962 Kúbudeilan: Sovéttmenn lýsa því yfir að eldflaugar verði fjarlægðar frá Kúbu.

1967 Julia Fiona Roberts, bandarísk leikkona, er fædd í borginni Smyrna í Georgíufylki í Bandaríkjunum.

1971 Breska þingið samþykkir aðild Bretlands að Evrópska efnahagsbandalaginu. Landið gerist síðan aðili að innri markaði Evrópu í ársbyrjun 1973.

1981 Hrauneyjafossvirkjun í Tungnaá tekin í notkun. Virkjunin er 210 megavött.

1987 Þáttur Hermanns Gunnarssonar, Á tali hjá Hemma Gunn, hefur göngu sína í Sjónvarpinu.

2004 Samráð oliufélaganna á Íslandi: Samkeppniseftirlitið dæmir fjögur íslensk oliufélög til hárra sekta fyrir ólöglegt samráð.

2017 Alþingiskosningar fara fram á Íslandi.




Svefneyjar eru hluti svonefndra Inneyja í hinum gamla Flateyjarhreppi, sem auk Svefneyja eru Hvallatur, Skáleyjar og Sviðnur. Þar er ríkt fuglalíf og ber mest á æðarfugli. Lundabyggð er einnig mikil á svæðinu. MYND/MATS WIBE LUND

Saga og lýsing mannlífs í Svefneyjum á Breiðafirði

Svefneyingabók eftir Þórð Sveinbjörnsson er greinargóð lýsing á Svefneyjum á Breiðafirði, sögu byggðar og gróskumíkils mannlífs.

Við þessa vinnu vaknaði forvitni mín á að færa til bókar meiri fróðleik um eyjarnar – mínar kærú æskustöðvar.

Þórður Sveinbjörnsson



Fiskurinn, fuglinn, selurinn og eggin, allt þetta var kjarngóður matur, sem var til í ríkum mæli.

Þórður segir hugmyndina að bókinni hafa vaknað fyrir um tveimur árum þegar hann var að vinna að örnefnaskrá fyrir eyjarnar. „Fyrir þremur árum tók ég saman örnefni sem í Svefneyjum eru skráð og færði inn á kort og gaf út á prenti ásamt örnefnaskýringum og sögnum þeim tengdum. Við þessa vinnu vaknaði forvitni mín á að færa til bókar meiri fróðleik um eyjarnar – mínar kærú æskustöðvar. Bókin er afrakstur þeirrar vinnu.“

Að sögn Þórðar var búskapur stundaður í Svefneyjum fram á níunda áratug síðustu aldar, en þegar honum lauk eignaðist Dagbjartur Einarsson, útgerðarmaður í Grindavík, eyjarnar og eru þær nú að mestu í eigu og umsjá afkomenda hans.

Bókina prýðir fjöldi mynda af fólki, fallettri náttúru eyjanna, bátum og fuglalífi sem þar er ríkulegt. „Vonandi verður það sem í bókinni er að finna í máli og myndum hagnýtur fróðleikur inn í framtíðina og líka einhverjum til skemmtunar. Ef svo verður er ég sáttur,“ segir Þórður. david@frettabladid.is

Í bókinni er rakin saga eyjanna frá landnámi þeirra um 900 til okkar daga. Fjallað er um byggð eyjanna, fólkið sem þar bjó í gegnum aldirnar, lífsbaráttu þess og örlög. Höfundur hefur víðað að sér ýmsum heimildum sem varpa ljósi á mannlífið þar í aldanna rás.

Þórður fæddist í Svefneyjum árið 1941 og átti þar heima til 17 ára aldurs. Hann lýsir hér á eftirminnilegan hátt bernskuárum sínum í eyjunum frá sjónarholi ungs drengs og segir frá búskaparháttum um miðja 20. öldina, svo og ýmsum atburðum er þar gerðust.

Eyjabúskapurinn var um margt frá-

brugðinn hefðbundnum búskap í sveitum landsins. Má þar nefna samgöngur, sem eingöngu fóru fram á sjó, báturinn var farartækið, sem kom í stað hesta eða bifreiða. Féð þurfti að flytja til lands að vori og aftur út í eyjarnar að hausti ásamt lömbunum. Ferðalög og flutningar á skepnum og varningi gátu tekið á og oft var vösbúð á sjónum.

En á móti kom það sem eyjarnar og sjórinn gáfu fólkinu, sem naut þess að hafa ávallt nægan mat. Matarskortur þekktist ekki og ekki nóg með það, því í harðindum gerðist það að sveltandi fólk úr öðrum byggðum var flutt út í eyjarnar, þar sem nægan mat var að hafa.

Fundur er settur

Út er komið kverið Fundur er settur!, um félagsstörf, fundarskóp og ræðumennsku eftir þá Björn Jón Bragason, kennara í lögfræði við Verzlunarskóla Íslands, og Pétur Mátísson, fráfaramandi forseta nemendafélags



skólans. Það er nemendafélag skólans sem gefur kverið út. Í inngangsorðum segja höfundar að það sé von þeirra að það geti orðið sem flestum til dýpri skilnings á félagsstörfum, hvort heldur sem er á vettvangi almennra félaga eða fyrirtækja.



Elsku eiginmaður minn, pabbi okkar, sonur, bróðir og tengdasonur,
Lárus Dagur Pálsson

sem lést 19. október, verður jarðsunginn laugardaginn 2. nóvember klukkan 14 frá Löngumyrarkapelli.

Anna Sif Ingimarsdóttir
Páll Ísak Lárusson
Ingimar Albert Lárusson
Kolfinna Katla Lárusdóttir
Páll Dagbjartsson, Helga Friðbjörnsdóttir
Svanhildur Pálsdóttir
Kolbrún Pálsdóttir
Helga María Pálsdóttir
Ingimar Ingimarsson og Kolbrún Ingólfssdóttir

ÞETTA GERÐIST: 28. OKTÓBER 1977

Sex Pistols gaf út hljómplötuna Never Mind the Bollocks


Það var þennan mánaðardag árið 1977 sem breska hljómsveitin Sex Pistols gaf út hljómplötuna Never Mind the Bollocks.

Sex Pistols var pönkhljómsveit sem var stofnuð í London árið 1975. Það ár í nóvember kom hljómsveitin fyrst fram á hljólmleikum í listaskóla í London. En eftir að hafa spilað í einungis tíu mínútur tóku yfirvöld skólans rafmagnið af. Sumir segja þetta vera opinberan fæðingardag pönksins.

Í upphafi samanstóð sveitin af söngvaranum Johnny Rotten (John Lydon), Glen Matlock, bassa, Steve Jones, gítar, og Peter Cook á trommur. Árið 1977 var Matlock rekinn og Sid

Vicious tók við. Sérkennileg hegðun hans og geggjuð framkoma vakti mikla athygli.

Alls gaf hljómsveitin, sem er ein frægasta hljómsveit pönkbylgjunnar í Bretlandi, út fjórar smáskífur og eina breiðskífu, Never Mind the Bollocks, Here's the Sex Pistols. Breiðskífan komst á metsölu-lista Breta þrátt fyrir – og kannski vegna þess –



að hafa verið bönnuð víða.

Johnny Rotten yfirgaf hljómsveitina eftir stormasama Bandaríkjaferð 1978. Rotten var ruddi og móðgaði áhorfendur sína og hrækti jafnvel á þá. Goðsögnin Sid Vicious lifði stutt en hratt og lést úr of stórum skammti heróíns í febrúar 1979 skömmu eftir að hljómsveitin lagði upp laupana.

BYKO



VIÐ ÆTLUM AÐ GERA BETUR Í UMHVERFISMÁLUM

Kynntu þér umhverfisstefnu BYKO á byko.is/umhverfismal

Við erum mjög stolt af því að hafa tekið þátt í því verkefni að byggja fyrsta **umhverfisvottaða** íbúðarhúsið á Íslandi. Sú vinna sem við lögðum í þetta verkefni skilaði miklu til fyrirtækisins í formi fagþekkingar og vitundarvakningar í umhverfismálum. Við leggjum mikið upp úr því að fagmennska og áreiðanleiki einkenni okkar störf og að viðskiptavinir geti treyst ráðgjöf okkar þegar kemur að framkvæmdum og þá sérstaklega þegar byggja skal vistvænt.

VISTVÆN SAMAN



visthus.is



UMHVERFIS-VOTTADAR VÖRUR

eru sérstaklega merktar í verslunum okkar til að auðvelda þér að finna þær.



VIÐ GERUM OKKAR BESTA TIL
AÐ JAFNA ÚT
KOLEFNISSPOR
FÉLAGSINS

TÆKJAFLOTINN VERÐUR HÆGT & BÍTANDI KNÚINN AF 100% HREINNI ORKU



VIÐ SKIPTUM YFIR Í BRÉFÞOKA



MINNI SÓUN



BÆTT FLOKKUN OG UMGENGNI

SJÁLFBÆRIR SKÓGAR

Við kaupum timbur úr vottuðum sjálfbærum skógum því við gerum okkur grein fyrir þeirri ábyrgð sem hvílir á okkur þegar kemur að loftslagsmálum.

VIÐ SETJUM UPP HLEÐSLUSTÖÐVAR VIÐ VERSLANIR OKKAR

Í apríl opnuðum við tvær hleðslustöðvar fyrir utan verslun **BYKO Breidd** og í maí voru opnaðar tvær stöðvar við verslun **BYKO Selfoss**, þar af ein **hraðhleðslustöð**. Um síðustu helgi opnuðum við síðan hleðslustöð við **BYKO Akureyri**.



GREIDDU MED
ON
LYKLINUM

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Ánægðustu viðskiptavinirnir 2 ár í röð! Auðvelt að versla á byko.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Mánudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 4 °C ↓	1 8 °C ↗	3 3 °C ↗
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
1 1 °C ↑	3 6 °C ↓	-3 2 °C ↗

Hæg breytileg átt, en vestan 8-13 m/s á annesjum norðaustanlands. Yfirleitt léttskýjað en stöku slydduél eða skúrir við vesturströndina í nótt. Vestan 3-8 og bjart veður á morgun, en suðvestan 8-13 og skýjað norðvestan til. Fer að rigna vestanlands seint annað kvöld. Hiti 0 til 4 stig að deginum, en vægt frost í innsveitum á Norður- og Austurlandi. Frost víða 3 til 8 stig í nótt.

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 4 °C ↗	4 13 °C ↗	7 15 °C ↗
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
4 5 °C ↑	3 1 °C ↓	1 6 °C ↗

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
5 4 °C ↗	2 2 °C ↑	1 2 °C ↑
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl	Hveravellir
0 3 °C ↑	2 2 °C ↓	0 4 °C ↑

LÉTT

		6	1	7		3	8	
				2				
8	4					5		
			7					
5			3	6	1	9	4	
2		1		8			7	
		5	2		4	3		9
1	2		6		4	8	5	
						1	2	

MIDLUNGS

5	1		3			8	9
	3			7			2
	4	9	8				6
		7			1		8
8	3		6				
						4	2
1		6				9	
	8						3
						5	7

PUNG

			3	8		7		5
9		4		1			2	
		8				2		
2							9	1
7		6					5	
1				4				
	9	5					6	3
4	6							
						4	8	

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 betrun
 5 grúi
 6 fæddi
 8 skipsbátur
 10 skyldir
 11 ódagot
 12 vörurými
 13 sæla
 15 titill
 17 höfði
- LÓDRÉTT**
 1 herkví
 2 brjóta
 3 stjórnpallur
 4 gimsteinn
 7 illyrtur
 9 þrykkja
 12 lokuð
 14 tangi
 16 munní

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
13	14				
15					16
	17				

LÁRÉTT: 1 umbót, 5 mor, 6 ól, 8 slúppa, 10 áa, 11 lastari, 9 prenta, 12 lukt, 14 nes, 16 op.
 LÓDRÉTT: 1 umstútr, 2 mola, 5 þru, 4 tópas, 7 ras, 12 lest, 13 unun, 15 rektor, 17 stepl.

Skák Gunnar Björnsson

Zinman átti leik gegn Kolo-mann í Leningrad árið 1985.

1... Hxa4! 2. bxa4 b3 3. Hg4 Be1+! 4. Kxe1 b2 0-1. Ísland tefldi í gær við Slóvakíu á EM landsliða. Í gær hófst heimsmeistaramótið í Fischer-Slembiskák í Ósló.

www.skak.is: EM landsliða.

Svartur á leik



2	3	5	4	6	1	8	9	7
6	7	4	9	8	2	1	3	5
8	9	1	3	5	7	4	2	6
7	2	6	1	3	5	9	8	4
9	5	3	7	4	8	2	6	1
4	1	8	2	9	6	5	7	3
3	4	2	5	7	9	6	1	8
5	6	9	8	1	3	7	4	2
1	8	7	6	2	4	3	5	9
3	7	6	9	4	8	2	5	1
4	8	2	5	1	6	3	9	7
5	9	1	2	7	3	4	8	6
1	2	7	3	8	9	5	6	4
8	4	3	1	6	5	7	2	9
9	6	5	7	2	4	8	1	3
2	1	4	8	9	7	6	3	5
7	3	8	6	5	1	9	4	2
6	5	9	4	3	2	1	7	8
3	6	2	8	7	4	9	1	5
8	7	1	6	9	5	2	4	3
9	5	4	1	2	3	6	7	8
4	2	6	5	1	8	7	3	9
5	9	3	7	4	6	8	2	1
7	1	8	9	3	2	4	5	6
6	4	9	3	5	7	1	8	2
1	3	7	2	8	9	5	6	4
2	8	5	4	6	1	3	9	7

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Gelgjan



Barnalán



TUDOR Start/stop
 AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði

Veldu öruggt start með TUDOR

Ráskráðingarglerpúkur, Getur hlaðist nið heyriförku, Málhú káldraupjól, Fyrir mikla notkun, 4x í ferri afleiðslur, Nýjar byggingar 30X lættari, Getur hlaðist nið heyriförku, Málhú káldraupjól, Fyrir mikla notkun, 3x í ferri afleiðslur

Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
 SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR SKORRI TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is

LÍFIÐ ER Á FRETABLAÐID.IS

Lífið á frettabladid.is fjallar um fólk, menningu, tisku, heilsu og margt fleira.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

Götuboltinn sumarið 1980

BÆKUR

Ungfrú fótbolti



Brynhildur Þórarinsdóttir

Útgefandi: MM
Fjöldi síðna: 293

Einhver sagði einhvern tíma að fortíðin væri framandi menningarheimur og þau orð eiga vel við nýjustu bók Brynhildar Þórarinsdóttur. Ungfrú fótbolti gerist 1980 og söguhetjan er Gerða sem á nokkra mánuði eftir í þrettán ára afmælið. Hún og Ninna vinkona hennar eyða hverri lausri stund í götufótbolta með vinum sínum og þrá það heitast að fá að æfa fótbolta, sem er langt frá því gefið þegar einu æfingarnar í Breiðholti og nánast allri Reykjavík eru bara fyrir drengi, eins og stendur á auglýsingu frá fótboltafélagi hverfisins sem hangir uppi í sjoppunni. Þær gefast þó ekki upp og sumarið 1980 verður sumar stórstígra breytinga, bæði í lífi þeirra og samfélaginu öllu eins og þær upplifa það.

Ungfrú fótbolti er afskaplega skemmtileg og læsileg bók sem fangar vel anda tímabilsins og vísir er að margir eldri lesendur munu fá nostalgíuglampu í augun og sálina þegar þeir lesa um kók með lakkrísróri, það að leika sér í hálfbyggðum húsrúnum, sjónvarpslausan júlí og ýmislegt fleira. Þessu er öllu fléttuð inn í frásögnina án þess að verða að aðalatriði en glöggir lesendur á öllum aldri munu taka eftir



Brynhildur sýnir öll sín bestu höfundareinkenni. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

því hvernig systir missir af mikilvægum fótboltaleik af því að hún verður að passa litla systkini sitt á meðan bróðir fær að fara í bíó því engum dettur í hug að biðja hann um að passa, að börn fara í sveit og keyra dráttarvélar, muninum á Módel '79 og Samtökunum '78 með öllum þeim fordómum sem því fylgja og svo framvegis, Þessi bók sýnir svo ekki verður um villst hvað tímarnir hafa breyst en líka því miður að þeir hafa ekki breyst nógu hratt og nógu mikið.
Kjör Vigdísar Finnbogadóttur

í embætti forseta Íslands er miðlægt í bókinni og gegnum það verða stelpurnar fyrir ákveðinni vitundarvakningu um stöðu sína sem kvenna í samfélagi þar sem þeim bjóðast fjarri því sömu tækifæri og strákum, en það blæs þeim líka baráttuanda í brjóst. Á sama tíma eru þær að verða unglingar með öllum þeim breytingum sem það hefur í för með sér. Sumarið 1980 verður því sannarlega eftirminnilegt sumar.

Brynhildur Þórarinsdóttir hefur eins og áður sagði skrifað fjölda



bóka af ýmsum toga. Hér eru öll hennar bestu höfundareinkenni á ferð: heilsteypt persónusköpun, lipur frásagnarmáti, áhugaverð og spennandi framvinna, og góð og skemmtileg úrvinnsla á sögulegum tíma, þó hér sé söguviðið mun nær en á söguöld sem áður hefur verið viðfangsefni hennar. Þá er grínið aldrei fjarri.

Ungfrú fótbolti er fyndin og skemmtileg bók með sterkum boðskap og alvarlegum undirtóni en líka sagnfræðileg heimild um heim sem hefur breyst svo mikið en samt ekki nóg. **Brynhildur Björnsdóttir**

NIDURSTADA: Bók fyrir lesendur á öllum aldri um fótbolta, forsetakjör og ekki svo fjarlæga fortíð.

Hvað?
Hvenær?
Hvar?
Mánudagur

hvar@frettabladid.is

28. OKTÓBER 2019

Hvað? Komdu og sjáðu!
Hvenær? 10.00-18.00
Hvar? Ljósmyndasafn Reykjavíkur
Þrautaleikur fyrir krakka og fjölskyldur þeirra.

Hvað? Finndu geirfuglinn!
Hvenær? 10.00-18.00
Hvar? Landnámssýningin,
Aðalstræti
Rattleikur um Landnámssýninguna en þar hefur verið komið fyrir litlum geirfuglum.

Hvað? Sagnfræðikaffi
Hvenær? 17.15
Hvar? Borgarbókasafnið
Dalrún J. Eygerðardóttir flytur erindi um sögu ráðskvenna.

Hvað? Málþing um sálmaþækur
Hvenær? 16.00
Hvar? Neskirkja

Hvað? Raftónlistarsmiðja
Hvenær? 11.00-12.30
Hvar? Borgarbókasafnið
Ætlað ungu fólki 13-16 ára. Klukkan 16.30 flytur Auður Viðarsdóttir verk sín og útskýrir.



Sprinter, Vito, Citan. Sendibílar fyrir öll verkefni.

Sendibílar frá Mercedes-Benz henta fyrirtækjum af öllum stærðum og gerðum. Eigum úrval sendibíla sem eru tilbúnir til afhendingar. Komdu í heimsókn í sýningarsalinn á Krókhálsi 11 og kynntu þér möguleikana.

Fáðu tilboð í sendibíl frá Mercedes-Benz. Við tökum vel á móti þér.





Virkir dagar á Rás 2



MORGUN ÚTVARPIÐ

kl. 6.50


Vekur hlustendur með glóðvolgum fréttum og snarpri umfjöllun um samfélagsmál.



MORGUN VERKIN

kl. 9.00

Doddi litli spilar allt það besta sem heimurinn hefur alið af sér og hlustendur geta verið með.



POPPLAND

kl. 12.45

Án allra landamæra. Einn elsti og virtasti tónlistarpáttur landsins.



SÍÐDEGIS ÚTVARPIÐ

kl. 16.00

Heldur ykkur vel upplýstum á leið heim úr vinnu. Umfjöllun um menn og málefni og nóg af góðri tónlist.

Mánudagur

RÚV SJÓNVARP

13.00 Útsvar 2017-2018 Hafnarfjörður - Ísafjarðarbær
14.20 Enn ein stöðin
14.45 Maður er nefndur Hjördís Geirsdóttir Eva Ásrún Alberts-dóttir ræðir við Hjördísi Geirsdóttur. Hún er söngkona, snyrti-fræðingur og sjúkraliði. Hún segir frá æskuárum sínum í Flóanum, húsmæðraskóladvölinni á Laugarvatni, hvernig það atvikaðist að hún fór að syngja með hljómsveit Gissurar bróður síns 15 ára gömul og rekur söngferilinn. Dagskrárgerð: Ásgrímur Sverrisson.
15.30 Af fingrum fram
16.15 Reimleikar Þáttaröð þar sem draugatrú Íslendinga er tekin til skoðunar ásamt annarri þjóðtrú, á borð við hjátrú og trú á álfa. Rætt er við ýmsa sérfræðinga og þá sem hafa haft persónuleg kynni af afturgöngum, álfum eða framliðnum. Rýnt er í hvernig draugatrú endurspeglar samfélagið, menninguna og síðast en ekki síst sálarlíf og samvisku mannsins. Umsjón: Bryndís Björgvinsdóttir. Dagskrárgerð: Rakel Garðarsdóttir. e.
16.45 Silfrið
17.50 Táknafréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Lalli
18.08 Minnsti maður í heimi
18.09 Simon
18.14 Refurinn Pablo
18.19 Letibjörn og læmingjarnir
18.26 Klingjur
18.37 Mói
18.50 Krakkafréttir Fréttapáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og liflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífni, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.05 Dýradans Heimildarþættir frá BBC þar sem dýralífsfræðingurinn Steve Backshall rýnir í hreyfingar dýra og skoðar hvernig þau nota hreyfingar sem líkjast dansi til að lifa af og laða að sér maka.
21.10 Hernám
22.00 Tiufréttir
22.15 Veður
22.20 Síðasti tangóinn okkar Heimildarmynd um frægustu tangódansara Argentínu, Mariu Nieves Rego og Juan Carlos Copes þar sem þau segja frá ferlinum og stormasömu sambandi sínu. Þau kynntust á táningsaldri og dönsuðu saman í nær fimm áratugi. Leikstjóri: German Kral.
23.45 Króníkan
00.45 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.15 BMW Ladies Championship Útsending frá BMW Ladies Championship á LPGA-mótaröðinni.
12.45 The ZoZo Championship Útsending frá The ZoZo Championship á PGA-mótaröðinni.
16.45 PGA Highlights Hápunktarnir á PGA-mótunum.
17.40 BMW Ladies Championship
22.10 Champions Tour Highlights Svipmyndir frá helstu mótunum í Champions Tour.
23.05 PGA Highlights

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
12.00 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 The Neighborhood
14.15 Jane the Virgin
15.00 Top Chef
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show with James Corden
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 Speechless
19.45 Superstore
20.10 Bluff City Law
21.00 Hawaii Five-0
21.50 Seal Team
22.35 Det som göms í snó
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 FBI
01.35 Baskets
02.45 White Famous

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregni
10.13 Flugur Mike McGear og Scaffold
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútlit
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregni
12.50 Dánarfregni
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Til allra átta Hver er að brugga bjórninn?
15.00 Fréttir
15.03 Öreigaskáldsögur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Háttalarnir
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 KrakkaVikan
18.50 Veðurfregni
18.53 Dánarfregni
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsgagan: Að breyta fjalli
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregni
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútlit Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

12.30 Daphne & Velma
13.50 Dare To Be Wild
15.35 Carrie Pilby
17.15 Daphne & Velma
18.35 Dare to Be Wild
20.20 Carrie Pilby
22.00 Jackie
23.40 The Limehouse Golem
01.30 Sister Mary Explains It All
02.50 Jackie

STÖÐ 2

07.00 The Simpsons
07.25 Friends
07.50 Grey's Anatomy
08.35 Ellen
09.20 Bold and the Beautiful
09.40 Friends
10.10 Divorce
10.45 Kórar Íslands
11.55 Landnemarnir
12.35 Nágrannar
13.00 Britain's Got Talent
13.25 Britain's Got Talent
14.35 Britain's Got Talent
15.00 Lego Masters
15.50 The Goldbergs
16.15 The Big Bang Theory
16.35 Catastrophe
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 Um land allt Kristján Már Unnarsson snýr aftur með þessa frábæru þætti þar sem hann heimsækir samfélög vítt og breitt um landið, heilsar upp á fólk í leik og starfi og heyrir þau sjónarmið sem helst brenna á fólk í ólíkum byggðum.
20.05 Gulli byggir
20.45 Temple
21.30 Watchmen
22.25 StartUp
23.10 60 Minutes
23.55 All Rise
00.40 Blinded
01.25 The Deuce
02.25 Trauma
03.15 Trauma
04.00 Trauma
04.50 Drew Michael

STÖÐ 3

19.10 Two and a Half Men
19.35 The Big Bang Theory
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Who Do You Think You Are?
21.50 It's Always Sunny in Philadelphia
22.15 American Horror Story 8. Apocalypse
23.00 The Third Eye
23.50 Claws
00.40 Two and a Half Men
01.05 The Big Bang Theory
01.30 Seinfeld
01.55 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

06.40 SPAL - Napoli Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
08.20 Swansea - Cardiff City Útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
10.00 Formúla 1. Mexíkó - Keppni
12.20 Atlanta Falcons - Seattle Seahawks Útsending frá leik í NFL.
14.40 New England Patriots - Cleveland Browns Útsending frá leik í NFL.
17.00 Fiorentina - Lazio Útsending frá leik í ítölsku úrvalsdeildinni.
18.40 Ítölsku mörkin Leikirnir í ítölsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
19.10 Spænsku mörkin Leikirnir í spænsku úrvalsdeildinni gerðir upp.
19.40 QPR - Brentford Bein útsending frá leik í ensku 1. deildinni.
21.45 Football League Show Sýndar svipmyndir úr leikjunum í ensku 1. deildinni, EFL.
22.15 Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur
22.40 Domino's körfuboltakvöld karla Leikirnir í Domino's-deildinni gerðir upp.

FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útlit Saga
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

Samhengislaus súrrealismi Panama-skjalanna

KVIKMYNDIR

The Laundromat

★★★★★

Leikstjórn: Steven Soderbergh
Aðalhlutverk: Meryl Streep, Gary Oldman og Antonio Banderas

Kvikmyndin The Laundromat hefur undanfarið verið sýnd á kvikmyndahátíðum víða um heim en er nú loksins kominn á Netflix þar sem hún er best geymd. Þessi grátbroslegi snúningur leikstjórans Stevens Soderbergh á leynimakki lögfræðistofunnar Mossack Fonseca sækir innblástur og bakgrunn sinn til Panama-skjalanna en vekur því miður upp spurningar um hvort leikstjórinn hefði nokkuð átt að standa upp úr sínum helga steini.

Oskarsdrottningin Meryl Streep fer fyrir flokki einvalaliðs leikara í myndinni í hlutverki eldri konu sem leitar réttar síns þegar hún missir eiginmann sinn og líftrygging hans gufar upp í skattaskjólum skúffufyrirtækja.

Í baráttu sinni stendur hún í raun fyrir allar þær meðal Jónínur

og Jóna sem gráðugir aurapúkar svína stanlaust á.

Lögfræðingarnir alræmdu Jürgen Mossack og Ramón Fonseca, sem leiknir eru af Gary Oldman og Antonio Banderas, rekja (hetju) sögu sína eins og um ævintýri sé að ræða, enda er þetta mál svo ótrúlegt að það er eins og skáldskapur.

Rétt eins og skúffufyrirtækja- og skattaskjólavefur Mossack Fonseca og slikra fyrirtækja er The Laundromat margþætt og snúin kvikmynd. Í henni fléttast saman sögur, innan aðalsögunnar, af ímynduðum fórnarlömbum og fjárglæfraskurkum. Þetta verður til þess að erfitt getur reynst að fylgja sögunni eða láta sér annat persónurnar þar sem hoppað er úr einu í annað. Ekki aðeins í efnistöku heldur einnig kvikmynda-töku og klippingu sem sveiflast eftir viðfangsefninu hverju sinni.

Þeir sem eru ókunnugir málinu og orðum eins og „skúffufyrirtæki“, „aflandsfélög“ og „Panama-skjöl“ þurfa þó ekki að órvænta þar sem í myndinni er leitast við að einfalda málið með því að láta Mossack og Fonseca sjálfa útskýra fléttur sínar fyrir áhorfandanum. Þeir brjóta þannig fjórða vegginn með því að ávarpa áhorfendur með myndlíkingum og leikmyndinni eins og þeir séu að leika í einhvers konar Mel Brooks-gríni.

Í The Laundromat er stökkið svo til saumlaust milli súrrealisma og raunsæis þar sem fylgst er með fórnarlömbum hneykslisins, eynd þeirra og vonleysi í eftirmálunum. Inn á milli dúkka svo félagarnir Mossack og Fonseca upp með sínar teiknimyndalegu útskýringar.

Edda Karítas Baldursdóttir

NIÐURSTADA: Stjórnum þryggt en samhengislítill afgreiðsla Stevens Soderbergs á Panama-skandalnum er þeim sem komu að þessari á köflum súrrealísku Netflix-mynd ekki til mikils sóma þótt enginn biði varanlegan skaða af því að eyða tíma í hana á tölvu- eða sjónvarpsskjá.



Meryl Streep lætur skúffufyrirtækin ekki eiga neitt inni hjá sér og snýr vörn í sókn af hörku.



Afmyndaður og sálsjúkur raðmorðinginn Fritz Honka fyrir framan veiðiland sitt, subbubúlluna Gyllta hans kann.

Djúpköfun ofan í myrkur sálarinnar

KVIKMYNDIR

Der goldene Handschuh

★★★★★

Leikstjórn: Fatih Akin
Aðalhlutverk: Jonas Dassler, Margarete Tiesel, Katja Studt

Sýningar á þýsku kvikmyndinni Der goldene Handschuh, eða Gyllti hanskin, eru hafnar í Bíó Paradís undir þeim formerkjum að hér sé án efa komin „ógeðslegasta mynd sem þú munt sjá á árinu!“

Vissulega er eitthvað til í þessu en rétt að vara fólk við að draga ekki þá ályktun af þessum orðum að hér sé kominn einhver splatter-hryllingur í ætt við Hostel-subbuskapinn í Íslandsvininum Eli Roth.

Der goldene Handschuh er miklu meira en það og þótt hún sé óneitanlega hryllileg þá er hún eitthvað allt annað og miklu meira en stöðluð hryllingsmynd þótt hún fjalli um kolbrjáladaðan og afmyndaðan raðmorðingja sem gekk laus í Hamborg á öndverðum áttunda áratug síðustu aldar og myrti helst vegalausar og rosnaar vændiskonur.

Þetta er æði sérstök og býsna merkileg mynd en miklu frekar ljót, grótesk, drungaleg og sorgleg en „ógeðsleg“ þótt fyrir augu, og þá frekar hugskotssjónir en á tjaldinu sjálfu, beri algert og ágengt ógeð.

Leikstjórinn Fatih Akin sýnir hér alls konar skemmtileg tilþrif í persónusköpun, kvikmynda-töku, lýsingu, eða skorti á henni öllu heldur, þegar hann dregur fram kalda og hráa mynd af núturlugu samfélagi fordæmdra og glataðra sálra í Þýskalandi í skugga heimstyrjaldarinnar.

Hann skrifar handritið upp úr skáldsögu Heinz Strunk sem aftur sækir innblástur í raunverulega atburði og sanna sögu Fritz Honkas, snarbiláðs, áfengissjúks og afmyndaðs raðmorðingja sem tældi til sín vændis- og drykkjukonur upp úr



Margarete Tiesel sýnir magnaðan leik sem ógæfukonan Gerda Voss sem dregst ofan í ógeðslega og lífshættulega veröld ofbeldishneigða kúgarans.

1970. Getulaus og liðónýtur í einu og öllu fékk hann síðan útrás fyrir gremju sína með því að slátra blessuðum konunum og faldi sundurhlutadár jarðneskar leifar þeirra innan í veggjum risibúðar sinnar.

Frábær leikmyndin er svo þrúgandi viðbjóðsleg að maður nánast finnur ógeðslega nályktina sem liggur yfir húsínu. Jafnvel þótt Honkas dreifi hinum sigildu bilailmtrjám út um allt. Alger brautryðandi sem datt niður á þessa „snilldarlausn“ löngu á undan John Doe í Se7ven.

Þessi andskoti allur er lyginni líkastur og maður þarf ítrekað að staldra við undir áhorfinu og minna sig á að þetta GERÐIST í alvörunni. Og eins sjúk og það kann að hljóma þá er þessi mynd vægast sagt áhuga-verð og eftir að raunverulegar myndir af vettvangi glæpa Honkas og helstu persónum og fórnarlömbum hafa liðið yfir tjaldið með kreditlistanum getur maður ekki beðið eftir að komast í tölvu til að gúgla þennan mannandskoti.

Þetta ruglaða skrímli sem samt er einhvern veginn óhjákvæmilegt að sýna smá samúð, skilning. Alltaf magnað þegar tekst að sýna óskiljanlega andstyggilegt fólk í mennsku


ljósi þrátt fyrir ólýsanleg voðaverk þess.

Gyllti hanskin dregur nafn sitt af sóðalegri krá sem lætur Keisarann, Skipperinn og Kaffi Amsterdam líta út eins og B5 en þar vomaði Honkas yfir og lagði snörur sínar fyrir konur sem eru svo bágt staddar að þær láta allt yfir sig ganga fyrir sjúss og húsa-skjól.

Rétt er að halda því til haga og staðfestingar á því að Gyllti hanskin er alvöru kvikmynd sem ekki þarf að skammast sín fyrir að gefa séns að hún var tilnefnd til Gullbjarnarins á Kvikmyndahátíðinni í Berlin í ár og hlaut Þýsku kvikmyndaverðlaunin fyrir förðun og Jonas Dassler og Margarete Tiesel voru tilnefnd sem bestu leikarar í aðalhlutverkum.

Þórarinn Þórarinsson

NIÐURSTADA: Der goldene Handschuh er kynnt sem ógeðslegasta myndin sem þú munt sjá á þessu ári. Heldur ónákvæmt og gæti virkað sem fráhrindandi vísbending um að hér sé á ferðinni subbusplatter, sem myndin er ekki. Ljót er hún, grótesk og átakanleg en um leið frábærlega leikin og stórmerkileg mynd sem vel er þess virði að leggja á sig.



Við getum ekki komið í veg fyrir að þú breytist í foreldra þína ...

En við getum tryggt að þú vitir hvað er að fréttá!

FRÉTTABLAÐIDIS



október TILBOÐ

á H1 rafmagns- borðum



H1 rafmagnsborð

Flottir og sterkir rafmagnsfætur með minnisstýringu. Á H1 fætuna er hægt að setja 120-160 cm langar plötur. Fæturnir eru til á lager í gráu, svörtu og hvítu.

120x80cm **48.900kr.**

140x80cm **51.900kr.**

160x80cm **54.900kr.**

Borðplötur til á lager í eik, beyki og hvítu. Fætur til í gráu, hvítu og svörtu.

P90

með bólstruðu baki

Hægt að stilla bakstuðning. Samhæfð stilling setu og baks. Færanleg seta. Armar fylgja með.

- Sethæð 43-51 cm
- Breidd setu 48 cm
- Dýpt setu 48 cm
- Hentar fólki upp í 192 cm hæð
- 3 ára ábyrgð miðað við 8 tíma setu á dag og að hámarki 110 kg

VERÐ ÁÐUR
94.900 kr.

VERÐ NÚ
54.900 kr.

Sparaðu
40%



Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

Síðumúla 37, 108 Reykjavík · Sími: 564-5040 · hirzlan@hirzlan.is · www.hirzlan.is

Aðili að
rammasamningi
Ríkiskaupa



RÍKISKAUP



MÁ LYKUR Í DAG
MÁNUDAG 28. OKT.



www.husgagnahollin.is

TAX FREE

Allar vörur á
taxfree tilboði*



* Taxfree tilboðið gildir af öllum vörum nema vörum frá IITTALA og SKOVBY og jafngildir 19,35% afslætti.

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Husgagnahallarinnar.

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100



Tóti segir Þjóðverjana ýmist hundleiðinlega eða langskemmtilegustu ferðaskjólstæðingana. MYND/MIKKEL HØRLYCK

Skítblankur á túristavertíð

Fyrir tveimur árum brotlenti rithöfundurinn **Þórarinn Leifsson** á Íslandi, fráskilinn og svo blankur að hann fór á ferðapjónustuvvertíð. Við Gullfoss rumskaði svo rithöfundurinn og í nýrri bók gerir hann upp heilt ár af Gullhringjum.

Sjálfur lýsir Þórarinn Leifsson, Tóti Leifs, sér sem pönkara, götu- og skiltamálara, myndskreyti, vefsmið, rithöfundur og fyrirlesara sem varð loks leiðsögumaður um hálendi Íslands fyrir örfáum misserum eftir að hann flutti heim frá Berlín, fráskilinn og skítblankur.

„Mig hafði lengi langað til að prófa að „gæða“ og tækifærið kom þegar ég skildi fyrir tveim árum og brotlenti á Íslandi,“ segir Tóti en hann og rithöfundurinn Auður Jónsdóttir höfðu búið í Berlín með syninum Leifi Ottó í nokkur ár þegar þau slitu samvistum eftir tæp tuttugu ár.

Blankur alla öldina

Rithöfundarferill Tóta hófst með barnabókinni Leyndarmálið hans pabba sem kom út haustið 2007 og hann myndskreytti sjálfur. Hann segir það hins vegar gera lítið fyrir efnahaginn að vera vinsæll rithöfundur. „Ég hef bara ekki átt bót fyrir boruna á mér mest alla þessa öld. Ég hef vissulega fengið góða dóma og allskonar fin boð til útlanda en það skilar sér sjaldnast í bankann,“ segir Tóti sem hefur gengið ágætlega að safna gulli á hringnum rómaða í kringum Geysi og Gullfoss.

„Tekjurnar skipta miklu máli og ég er búinn að hreinsa upp einhverjar milljónir í gamlar listamanskuldir á síðustu tveimur árum,“ segir Tóti um leiðsögumannsstarfið sem sé auðvitað ekki fyrir hvern sem er. „Ég fór í einhverja 170 túra á tólf mánaða tímabili þegar ég var að koma mér almennilega inn í bransann. Það er stór plús að vera einhleypur

**VIÐ RITHÖFUNDAR
ERUM OFT EINS OG
HRÆDDAR MÝS EINHVERS
STAÐAR ÚTI Í HORNI AÐ SÍFRA
UM BÁG KJÖR MEÐAN ÚTGEF-
ENDUR MARSÉRA UM EINS OG
FORINGJAR ÚTRÝMINGARBÚÐA.**

og eiga sveigjanlega barnsmóður. Ég hef getað stokkið í alls konar túra með stuttum fyrirvara.“

Tiðindamikið á ferðapjónustuvigstöðvunum

Rithöfundurinn í Tóta hrökk í gang á endalaus hringferðalaginu og fann innblástur í bekk við Gullfoss þannig að úr varð bókinn Bekkurinn – dagbók í Gullhring en hann er byrjaður að safna á Karolina Fund fyrir útgáfunni sem er fyrirhuguð í nóvember.

„Ég var að taka mynd af bekknum í hverjum Gullhring og einhvern tímann datt mér í hug að tengja myndirnar við búta úr dagbók og gefa hverjum túr einkunn að hætti TripAdvisor,“ segir Tóti um tilurð bókarinnar. „Og úr þessu varð bók með myndum úr 76 gullhringjum á einu ári þannig að segja má að þetta sé bók með myndum frá vígvelli ferðapjónustunnar árin 2018 til 2019.“

Bekkurinn – dagbók í Gullhring veiti þannig innsýn í tólf mánaða tímabil. „Þegar ferðamannabólan náði hámarki á Íslandi. Myndirnar sýna sibreytilega veðráttu um leið og textinn greinir frá fjölbreyttri mannlífsflöru og eintóna hversdagsleika

miðaldra manns á krossgötum. Á vertíð sem virðist aldrei taka enda.“

Leitin að gleðinni

Tóti hefur áður verið miðpunktur eigin verks með góðum árangri í skáldævisögunni Götumálarinn frá 2011 þar sem hann sagði frá þvælingi sínum sem ungur maður um Vestur-Evrópu upp úr miðjum níunda áratug síðustu aldar.

„Bekkurinn er sjálfsævisaga eins og Götumálarinn,“ segir Tóti sem telur enga hættu á að með þessum bókum segi hann skilið við barnabækurnar. „Ég sé ekki neina stefnu-breytingu fyrir utan að tekjumódelið hefur gjörbreytt. Ég er enn þá að fá hugmyndir að bókum fyrir börn og fullorðna og koma þeim í verk.“

Þá stefnir hann heldur ekki á að verða einyrki á bókamarkaði þótt hann hafi kosið að gefa nýju bókina út sjálfur með hópþjálfmagnun. „Ég er ekkert endilega leiður á útgefendum, kannski frekar á bókmenntaheiminum sem slíku. Við rithöfundar erum oft eins og hræddar mýs einhvers staðar úti í horni að sífra um bág kjör meðan útgefendur marséra um eins og foringjar útrýmingarbúða,“ segir Tóti og bætir við að hann hafi fundið þörf fyrir „smá pásu frá þessari stemningu. Ég þurfti að senda frá mér bók á eigin forsendum og finna aftur gleðina við að gefa út.“

Það er hins vegar mjög mikið af göðu fólki að vinna hjá Forlaginu sem gladdi mig mikið með því að verða fyrst til að styrkja útgáfuna á Karolina Fund. Svo er ég með handrit að „gæða“-krimma sem ég vil helst klára með Forlaginu, því þar eru frábærir ritstjórar sem geta stundum kveikt í manni.“ toti@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðstaf Bjarnason guustaf@frettabladid.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson, hlynur@frettabladid.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@frettabladid.is, Svava O'Brien svava@frettabladid.is, Örn Geirsson orn.geirsson@frettabladid.is **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Arnar Magnússon arnarm@frettabladid.is, Jóhann Waage johannwaage@frettabladid.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@frettabladid.is, Ruth Bergsdóttir ruth@frettabladid.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFTIR:** Elin Albertsdóttir elin@frettabladid.is **RÁÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason hrannar@frettabladid.is, Viðar Ingi Pétursson vip@frettabladid.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir guadruninga@frettabladid.is

DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

TILBOÐ

HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18V 5.0 Ah rafhlöður.
Hersla: 70Nm.
Snúningshraði: 550/2000 sn/mín.
Kemur T-STAK tösku.
Hleðslutæki fylgir.

vnr DCD791P2

48.686 m/vsk

Fullt verð 59.373

KAUPAUKI

BITASETT



Í KAUPBÆTI



TILBOÐ

LÍNULASER 360° GRÆNN 10.8V

4 X Sjáanlegri en Rauður geisli 3 X 360°
Vatns og rakavarinn IP65
Prófaður fyrir 2m fall
10.8v 2.0 Ah Rafhlaða
og hleðslutæki

vnr 94DCE089D1G

79.686 m/vsk

Fullt verð 94.864

KAUPAUKI

ÞRÍFÓTUR



Í KAUPBÆTI



TILBOÐ

SLÍPIROKKUR 1400W

Snúningshraði 11.500 sn/mín
Skífustærð: 125 mm
Þyngd: 2.2 Kg

vnr 94DWE4237

21.131 m/vsk

Fullt verð 28.175



TILBOÐ

SLÍPIROKKUR MEÐ AFSOGI

Afl: 1500 Wött
Hraðastýrður
Blaðastærð: 125mm
Bolti og afsogshlíf fylgir

vnr 94DWE4257K

46.761 m/vsk

Fullt verð 59.950



TILBOÐ

VELTISÖG

Afl: 2000 Wött
Blaðastærð: 250mm
Þyngd: 37 Kg

vnr 94DW743

99.500 m/vsk

Fullt verð 119.789

KAUPAUKI

ÞRÚ AUKA BLÖÐ



Í KAUPBÆTI



TILBOÐ

FJÖLNOTASÖG 18 VOLT

Fljótverk blaðaskipting & stilling.
Engin þörf á sexkants Lykli.
Þægilegt handfang.
Stiglaus rofi 0-20.000 OPM

vnr 94DCS355N

31.444 m/vsk

Fullt verð 41.926



TILBOÐ

STINGSÖG 18V

Kolalaus
Hraðastýrð
Mesta dýpt (tré): 135mm
Þyngd: 2.1 Kg


vnr 94DCS334N

37.670 m/vsk

Fullt verð 50.226

KAUPAUKI

STINGSAGABLÖÐ



Í KAUPBÆTI



TILBOÐ

HLEÐSLUSETT 2 VÉLAR

Borvél og skrúfvél saman í setti
Smærri og léttari 18V vélar
2x 5Ah 18v rafhlöður og
hleðslutæki

vnr 94DCK2062M2T

56.908 m/vsk

Fullt verð 66.951



*Kaupaukar fylgja á meðan bygðir endast

www.sindri.is / sími 575 0000

Skútuvoði 1 - Reykjavík | Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI



BAKÞANKAR

Arnars Tómasar
Valgeirssonar



Undir nælonfeldi

Ef það eru einhverjir graskersbændur á Íslandi samgledjast þeir börnum landsins um þessar mundir. Hrekkjavakan er handan við hornið og verður vinsælli á skerinu með hverju ári. Einnhverjir gremjast yfir þessu og benda á að við eigum okkar eigin dag, öskudaginn, þar sem börn ráfa dulbúin um götur landsins til að safna ráðlögðum ársskammti sælgætis á einum degi. Fyrst við eigum þessa rammislensku hefð þá er engin ástæða til þess að leita út fyrir landsteinana til að taka upp einhverja Hollywood-hefð. Eða hvað?

Ástæðan fyrir vaxandi vinsældum hrekkjavökunnar hérlendis er að hún er einfaldlega skemmtilegri hátið en öskudagurinn. Aðdragandinn er mun lengri og á sér stað þegar loksins er orðið almennilega dimmt. Á hrekkjavökunni fara börn landsins á milli heimila sem er eins konar hópefli fyrir hverfi, en á öskudaginn leita þau á náðir fyrirtækja og þróa kornung með sér fyrirtækjahollustu eða óbeit efilla er skammtað. Ég valdi sjálfur bankann minn fullorðinn á grunni trakteringa bankanna í ungðæmi mínu. Þar að auki taka fullorðnir líka þátt í hrekkjavökunni, en fullorðið fólk skipar sífellt stækkandi hlutfall þjóðarinnar.

Öskudagurinn má þó eiga að þá er mikið sungið sem býður upp á ögn meiri fjölbreytni en frasinn „Grikk eða gott!“. Það væri þó lítið mál að innleiða gaulaðan Gamla Nóa í hrekkjavökuna og þá fáum við það besta frá báðum heimum. Ég hvet því ráðamenn til að leggja undir nælonfeld frá Hókus Pókus, hugsa málið gaumgæfilega og bjóða svo hrekkjavökuna opinberlega velkomna til Íslands.

FYRIR SVANGA
FERÐALANGA

Kvikk
ON THE GO

LÍFIÐ ER
GOTTERÍ

50%
AFSLÁTTUR
FIM-SUN
GOTTERÍ

Verð áður:

1.990

990
KR/KG

Kvikk
ON THE GO

Kjamsaðu á boltanum fyrir 2.500 kr./mán.

með ótakmörkuðum Ljósleiðara hjá Nova.
~~4.500 kr./mán.~~

Enski boltinn frá Síminn Sport er á Nova TV!



Rautt spjald á myndlykilinn!

Nova TV er ókeypis sjónvarpsveita á netinu þar sem þú finnur allar helstu sjónvarpsstöðvar á Íslandi auk spennandi áskriftarleiða!

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Krínglunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is